

Brimfaxi



**Krefst svara um
rannsóknir á árangri
smáfiskaverndunar**

Jón Kristjánsson
bls: 28



**Sanngirni og réttlæti
ekki í forgangi hjá
stjórnslunni**

Axel Helgason
bls: 20



**Um handfæraveiðar,
elsta veiðskap mannkyns**

Hugleiðingar og fróðleikur
bls: 36

Tímarit Landssambands smábátæigenda 1. tbl. 2019

A large, detailed illustration of an elderly fisherman wearing a white cap and a patterned sweater, sitting in a wooden boat. He is holding a fishing rod and looking towards the right.

**Ímynd trillukarlsins
Hefur hún breyst?**

Þakklæti og stolt



REKINGARSLÓD 17941019

Við erum þakklát og stolt

Vörður skorar hæst í jafnrétti og við höfum bætt okkur á öllum sviðum. Þess vegna erum við Fyrirtæki ársins 2019 í flokki stórra fyrirtækja samkvæmt árlegri könnun VR. Við þökkum starfsfólki okkar þennan frábæra árangur sem dag hvern skilar sér í framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina.





Efnisyfirlit

Ágæti félagsmaður	2
Hvar eru 500 þúsund tonninn?	6
Kvótasetning til annarra nota en veiða	14
Sanngirni og réttlæti eru ekki ær og kýr stjórnsýslunnar	20
Skyndilokanir, engar rannsóknir eru á árangri	28
Ég elska starfið mitt!	32
Handfæraveiðar	36
Ímynd trillukarlsins	40
Brottkast og ekki brottkast	42
Ritstjórnarpistill	44
Frá eldri átökum	46
Skilvirkasta leiðin til að útrýma smábátaveiðum	48

Útgefandi: Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Arthur Bogason, Axel Helgason og Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Smári. **Auglýsingar:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. Sími 892 2585. Netfang arthur@smabatar.is **Myndir:** Arthur Bogason, Magnús Þór Hafsteinsson, Axel Helgason o.fl. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1100 eintök. **Forsíðumyndin** er af málverki af Jósteyni Finnbogasyni trillukarli frá Húsavík.



Leiðari, Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS

Ágæti félagsmaður

Hafinn er fjórði ársfjórðungur yfirstandandi fiskveiðiárs. Aflbrögð á árinu hafa verið með besta móti í öll veiðafæri. Fiskverð hefur hækkað og veiðigjald lækkað. Hagur manna hefur því vænkast nokkuð frá því í fyrra.

Á fyrstu þremur vikunum í maí var meðalverð fyrir þorsk sem veiddur var á handfæri 36% hærra en það var á sama tíma í fyrra - 277 kr/kg á móti 207. Þá var afsláttur af veiðigjaldi að 6 milljónum hækkaður um 100%, úr 20% í 40% auk þess sem afkomutenging skilaði einnig lækun veiðigjalds.

Strandveiðar hófust að venju í byrjun maí. Áberandi fleiri taka nú þátt í veiðunum en í fyrra. Árleg fækkun þeirra sem stunda veiðarnar er því vonandi lokið með fjölgun strandveiðibáta. Allt stefnir í að fjöldi á strandveiðum í sumar fari yfir 600, en þeir voru 548 í fyrra.

Að venju var engin lognmolla yfir strandveiðum á Alþingi voru. Frumvarp um að færa gildandi ákvæði um veiðarnar til eins árs var nú samþykkt. Athygli vakti að Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra var ekki

framsögumaður að frumvarpinu heldur Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður atvinnuveganefndar.


Skoðanir félagsmanna á hinu nýja 12 veiðidaga fyrirkomulagi hafa verið skiptar. Mikill meirihluti fagnar breytingunni en aðrir ekki, jafnvel sagt hana vera til þess eins að hygla ákveðnu landsvæði. Skilaboðin til LS eru því skýr að það þarf að halda áfram að gera breytingar á kerfinu um að veiðitímabilið verði lengt þar sem aðilar geti valið sér 4 mánuði til veiða. Einnig þarf að tryggja að aldrei komi til stöðvunar veiða innan þeirra takmarkana sem nú eru.

Nýverið skipaði Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fimm manna starfshóp til að endurskoða meðferð og ráðstöfun aflaheimilda sem ríkið hefur forræði yfir. Heimildirnar ganga gjarnan undir nafninu 5,3% potturinn, en árlega er sú prósentu tekin af heildarafla hvernar fisktegundar áður en aflamarki er úthlutað. Aflanum er síðan ráðstafað í strandveiðar, línuvílnun, almennan og sértækan byggðakvóta, rækju- og skelbætur og frístundaveiðar.

Sendum sjómönnum sem og landsmönnum öllum okkar bestu óskir í tilefni sjómanna­dagsins!

Landhelgisgæsla

LANDSSAMBAND
smábát­aeigenda



Svæðisfélög smábát­aeigenda senda sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingju­óskir í tilefni sjómanna­dagsins

Árborg, félag smábát­aeigenda á Suðurlandi
Smábát­afélag Reykjavíkur
Báran, félag smábát­aeigenda í Hafnarfirði og Garðabæ
Elding, félag smábát­aeigenda í Ísafjarðarsýslum
Farsæll, félag smábát­aeigenda í Vestmannaeyjum
Félag smábát­aeigenda á Austurlandi
Fontur, félag smábát­aeigenda á Norð­-Austurlandi
Hrollaugur, félag smábát­aeigenda á Hornafirði

Klettur, félag smábát­aeigenda á Norðurlandi eystra
Reykjanes, félag smábát­aeigenda á Reykjanesi
Sæljón, félag smábát­aeigenda á Akranesi
Skalli, félag smábát­aeigenda á Norðurlandi vestra
Smábát­afélagið Strandir
Snæfell, félag smábát­aeigenda á Snæfellsnesi
Strandveiðifélagið Krókur
Drangey – Smábát­afélag Skagafjarðar



Örn Pálsson Framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda.

Mikilvægt er að LS komi sínum sjónarmiðum vel á framfæri til þessa starfshóps þar sem honum er ætlað að leggja til breytingar, telji hann þess þörf. Við mat á slíku ber hópnum að líta til þess hvort þau markmið, sem að var stefnt varðandi nýtingu aflaheimildanna, hafi náðst undir forskrift eftirfarandi stefnumörkunar í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur:

„Vega þarf og meta fyrirkomulag þeirra aflaheimilda sem ríkið fer með forræði yfir, þ.m.t. strandveiða, með það að markmiði að tryggja betur byggðafestu og nýliðun.“ Jafnframt skal starfshópurinn leitast við að tryggja að mögulegar breytingar hámarki virði þeirra verðmæta sem felast í umræddum aflaheimildum.

Nú standa yfir kjaraviðræður milli LS og Starfsgreinasambands Íslands um endurskoðun kjarasamnings um ákvæðisvinnu við línu og net. Í viðræðunum hefur LS óskað eftir eindregnum stuðningi þeirra félaga sem að samningnum standa við kröfu félagsins um breytingar á línuvildun. Að línuvildun verði aukin úr 20% í 30% og ná til allra dagróðrabáta að 30 brúttótonnum þar sem mesta lengd er innan við 15 metra. Breytingunni væri ætlað að styrkja útgerð línubáta og auka jafnræði þeirra sem hana fá.

Á undanförunum árum hefur bátum sem fengið hafa línuvildun fækkað úr því að vera 202 fiskveiðiárið 2012/2013 í 112 í ár. Samfara hafa aflaheimildir til ívilnunar ekki nýst að fullu.

Breytingin hefði því ekki í för með sér hækkun á viðmiðunarafla til línuvildnunar, heldur aðeins að hann yrði nýttur að fullu.

Að þessu sögðu er það með ólíkindum að það skuli standa í fulltrúum línubeitningamanna að styðja af heilum hug kröfu LS og treysta grunn fyrir atvinnu sinna manna. Starfi sem unnið er í akkorði og möguleikar á góðum launum. Starfi þar sem viðvera er langtum minni til lágmarks-launa heldur en hjá starfsbræðrum þeirra á plani. Auk þess er vinnutími mjög sveigjanlegur.

Alþingi hefur þessa dagana til meðferðar frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytta veiðistjórnun á makríl. Þar er lagt til að skipum verði úthlutað aflahlutdeild sem ráði þar með aflamarki hvers og eins. LS hefur á öllum stigum málsins ritað ítarlegar umsagnir sem bæði hafa verið sendar í samráðsgátt stjórnvalda og atvinnuveganefnd Alþingis til umsagnar um frumvarpið.

Helstu áherslur LS eru að aflahlutdeildinni verði skipt í tvo flokka, smábáta og uppsjávarskipa þar sem óheimilt verði að flytja veiðiheimildir varanlega frá smábátum. Þá er gerð krafa um að viðmiðun verði þau ár sem smábátar höfðu tök á að nýta sér makrílinn, 2013-2018 og viðmiðun til aflahlutdeildar taki mið af þremur árum á því tímabili. Síðast en ekki síst gerir LS kröfu um að endurvakinn verði aflapottur eins og áður hefur verið. Þar sem smábátar geta leigt heimildir úr með því að greiða sömu upphæð og veiðigjald er fyrir makríl.

Hvort atvinnuveganefnd fallist á tillögur LS er erfitt að segja til um, en þegar litið er til mikilvægi þess að eiga öflugan flota til að nýta grunnslóðina, yfirburða gæða hráefnis, er ósanngirnir í því að veiðireynslutímabil skuli ná yfir tíma þegar makrílinn var ekki á veiðislóð smábáta og atvinnutækifæri fyrir áhafnir hundrað báta er líklegt að nefndin samþykki kröfur LS.

Óska félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og öðrum velunnurum Landssambands smábátaeigenda til hamingju með sjómannadaginn.

Góðar stundir.

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Samferða í 92 ár



Olís hefur allt frá stofnun kappkostað að veita fyrirtækjum í sjávarútvegi trausta þjónustu með sölu á eldsneyti og rekstrarvörum til útgerða. Við ætlum að halda þeirri siglingu áfram.





Er ekki kominn tími til að tengja?

Hvar eru 500 þúsund tonninn?

Mismunurinn á loforðunum og raunveruleikanum telur í hundruðum milljarða. Verndun smáfisks hefur engu skilað – nema síður sé

Það fer varla fram hjá neinum sem fylgst hafa með málefnum sjávarútvegsins að Hafrannsóknastofnun lítur á verndun smáfisks sem eitt af lykilatriðum starfsemi sinnar.

Á hverjum einasta degi eru lesnar tilkynningar í ríkisútvarpinu frá stofnuninni um skyndilokanir og nýverið skilaði nefnd, skipuð af sjávarútvegsráðherra, af sér skýrslu þar sem lagðar eru til stækkanir á svæðum þar sem smáfisks verður vart. Helst um að ræða svæði sem handfærabátar stunda veiðar, rétt eins og þær veiðar skipti máli í þessu sambandi.

Þessi heilagi bikar stofnunarinnar rekur uppruna sinn til 200 mílna útfærslu landhelginnar árið 1975. Þá var ein af megin röksemdunum fyrir hinni einhliða útfærslu gegndarlaust smáfiskadráp Breta allt upp í fjörusteinna.

Fáir andmæltu þessu á sínum tíma. Hið rökrétta hlyti að vera að geyma smáfiskinn í sjónum og veiða hann síðar. Þ.e. sleppa að veiða.

Kvótakerfið var innleitt árið 1984 (til bráðabirgða, svo því sé haldið til haga). Fyrstu árin var það reyndar blanda af aflamarki og sóknarmarki. Ráðgjöf Hafró var 200 þúsund tonn af þorski fyrir árið 1984 – fyrsta „kvótaárið“.

Ráðuneytið gaf á endanum út leyfi fyrir 243 þúsund tonnum en aflinn varð 284 þúsund tonn. Það hindraði stofnunina ekki í því að gefa út sömu ráðgjöf fyrir árið 1985 (200 þús. tonn), þrátt fyrir að veiðin hafi farið 42% framúr ráðgjöf ársins á undan.

Raunar er það svo að ráðgjöf stofnunarinnar virtist elta aflann árið áður. Svo rammt kvað að þessu að á skrifstofu LS var fyrirbærið skýrt „Eltílkanið“. Ekki varð vart mikilla undirtekta við þá gagnrýni, utan örfárra einstaklinga.

Árið 1988 rann upp og smáfiskamantran hafði þá verið kveðin linnulaust í einn og hálfan áratug.

Það er ekkert við það að athuga að skörpustu hnífarnir í skúffunni hafi verið Hafrannsóknastofnun í einu og öllu sammála.

Á þessum árum var gefið út tímarit tvisvar á ári sem hét Sjávarfréttir. Þær voru gefnar út af sama fyrirtæki og gaf út Fiskifréttir, vandaðasta rit sem sjávarútvegurinn hefur búið að héraendis – fyrr og síðar – og að mínu mati á heimsvísu.

Í 2. tbl. Sjávarfréttanna 1988 var forsíðan lögð undir fyrirsögnina „Græddur er geymdur þorskur“ (sjá mynd). Hryggstykkið í þessu tölublaði er hversu gríðarlega þjóðin myndi græða á því að „vernda smáfiskinn“.

Messan hefst í ritstjórnargreininni. Mér er hreint djöfullega við að nefna hana fyrst til sögunnar, því þáverandi ritstjóri Fiskifrétta (og þar með Sjávarfréttanna) er án nokkurs vafa besti blaðamaður sem ég átti samskipti við þau tæpu 30 ár sem ég gegndi formennsku Landssambands smábátaeigenda. En hann skrifaði þetta á sínum tíma í bestu trú. Hvort hann er enn sömu skoðunar veit ég ekkert um og skiptir í engu máli.

Í þessari ritstjórnargrein dregur hann saman það sem allt snerist um. Því er best að birta hana hér í fullri lengd:

„Ein af röksemdum Íslendinga fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar á sínum tíma var sú, að stöðva þyrfti gegndarlaus smáfiskadráp breskra togara á Íslandsmiðum. Ætla mætti, að eftir að Íslendingar fengu einir yfirráð yfir fiskimiðunum umhverfis landið hefði allt færst í betra horf í þessu efni. En er þá allt í góðu lagi núna? Varla, ef marka má ummæli forstjóra Hafrannsóknastofnunar, sem jafnar nýtingu þorskstofsins nú við versta smáfiskadráp Bretanna fyrir hálfum öðrum áratug við Ísland.“

Samkvæmt útreikningi Hafrannsóknastofnunar sem birtur er hér í SJÁVARFRÉTTUM, gefur stór þorskárgangur (eins og t.d. 1983 og 1984 árgangarnir sem nú eru mest í veiðinni) af sér 100 þúsund tonnum meira, sé hann friðaður sem smáfiskur, í stað þess að vera veiddur í þeim mæli sem nú stefnir í. Meðalárgangur þorsks gefur af sér tæp 90 þúsund tonnum meira, fái hann frið sem smáfiskur. Þá hefur Ragnar Árnason doktor í fiskihagfræði reiknað út fyrir SJÁV-

ARFRÉTTIR fjárhagslegan ávinning af því að friða 3ja og 4ra ára þorsk. Kemst hann að þeirri niðurstöðu að með slíkri friðun megi auka árlegan þorskafla til frambúðar um 50-60 þúsund tonn og jafngildi aflaaukningin ríflega þremur milljörðum króna í aukinni þjóðarframleiðslu.

En hvers vegna er smáfiskurinn ekki friðaður, úr því ávinningurinn er svona mikill? Ætli svarsins sé ekki að leita í hugsunarhætti þjóðarinnar. Hún telur sig ekki hafa efni á að láta þessa auðlind í hafinu ávaxta sig sjálfa, jafnvel þegar ytri skilyrði í þjóðarþúinu eru hvað hagstæðust, hvað þá þegar harðnar á dalnum. Stjórnarmálmennt koma og fara og þeir treysta sér ekki til að standa fyrir nauðsynlegum samdrætti í veiðum svo hægt sé að byggja upp þorskstofninn með langtíma-sjónarmið í huga.

Reynar draga sumir menn í efa að hægt sé að geyma fisk í sjó meðan hann sé að vaxa upp, - grípa þurfi hvern ugga þegar hann gefst.

Þessir menn benda gjarnan á, máli sínu til stuðnings, að á árunum kringum 1980 hafi reynst mun meiri fiskur í sjónum en fiskifræðingar töldu. Þarna var um að ræða göngur frá Grænlandi sem fiskifræðingar gerðu ekki ráð fyrir, - sem reyndar sýnir að hægt er að geyma fisk í sjónum við Grænland með góðum árangri og því þá ekki við Ísland þar sem skilyrði eru mun betri?

Með friðun smáfisks vinnst tvennt. Annars vegar er fiskurinn veiddur stærri og hins vegar mun veiðin smám saman byggjast á fleiri árgöngum og sveiflur í afla frá ári til árs verða minni en árgangastærð gefur til kynna, eins og Jakob Jakobsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar bendir á í viðtali hér í blaðinu. Þetta hefur í för með sér aukinn afla á sóknareiningu og minni tilkostnað við veiðarnar.

Þegar þetta er skrifað er Hafrannsóknastofnun að undirbúa tillögur sínar til stjórnvalda um hámarksafla á næsta ári. Fróðlegt verður að fylgjast með því hvaða afgangi þær fá.“

Pistillinn er kjarnyrstur og stærstu kanónurnar dregnar fram og hleypt af þeim: þáverandi forstjóri Hafró og þá- og núverandi fiskihagfræðingur Háskóla Íslands.



Beðið eftir þeim gula

Það sorglega er að nú, rúmum 30 árum síðar hefur aldrei verið augljósara að það stendur ekki steinn yfir steini í þessum málflutningi. Enn dapurlega er að áhugaleysi fjölmiðla og stjórnmálamanna á því að kynna sér þessar staðreyndir er algert.

Loforðin um stóraukinn þorskafla voru endalaus.

Hér er ráðgjöf Hafró fyrir árið 1981:

“Verði aflinn takmarkaður við 400 þús. tonn, fer þorskstofninn vaxandi næstu ár, einkum hrygningarstofninn, ef forsendur um stærðir árganga eru nærri réttu lagi.” “Hafrannsóknastofnunin leggur áherslu á, að þorskstofninn verði byggður enn frekar upp á næstu árum og veiðar því takmarkaðar á árinu 1981 við 400 þús. tonn.”

Aflinn á árinu 1981 varð 469 þúsund tonn. Hvað sem því leið, þá stendur þetta í 24. hefti Hafrannsóknastofnunar, gefið út árið 1982:

Hafrannsóknastofnunin leggur því til að aflinn árið 1982 miðist við 450 þús. tonn. Enn skal lögð á það áhersla, að árlegt endurmat stofnsins með tilliti til aflabragða, árgangastyrkleika, gangna og sóknar er óhjákvæmilegt í ljósi núverandi þekkingar.

Hér eru tekin tvö dæmi, en þau eru margfalt fleiri.

Það er engin ástæða til að efast um að mönnum gekk gott eitt til. Þeir trúðu því sem þeir settu fram. Dómur sögunnar er hinsvegar beiskur.

Smáfiskaverndinni hefur svo sannarlega verið fylgt eftir. Risastórum svæðum hefur verið lokað á Íslandsmiðum í því augnamiði og hin síðari misseri er hamast við að loka svæðum þar sem fyrst og fremst handfærabátar drepa niður færi.

Aftur að Sjávarfréttum frá árinu 1988:

Þar er að finna ítarlega umfjöllun undir fyrir-sögninni:


„Milljarða ávinningur af friðun smáfisks!“

Að vandlega íhuguðu máli komst ég að þeirri niðurstöðu að óhjákvæmilegt væri að endurrita textann í þessari stórmerkilegu umfjöllun, eins og í ritstjórnargreininni.

Svona hljóma boðskapurinn frá árinu 1988:

„Er eitthvað vit í því að moka þorskinum upp smáum, þetta innan við tveggja kílóa þungum að meðaltali, þegar hægt er að geyma hann í sjónum í tvö til þrjú ár og fá þá helmingi þyngri fisk? Er þetta ekki svipað því að bændur myndu slátra lömbum sínum að vori í stað hausts? Eða er kannski ekki hægt að geyma fisk í sjó? Er sá fiskur sem ekki er veiddur þegar hann gefst, glataður að eilífu?“

ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?



Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skiprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið saebjorg@landsbjorg.is



Kippt á miðin. Er líklegt að þeir kippi aftur og aftur í smáfisk þegar annað stendur til boða?.

Fiskifræðingar eru ekki í vafa um að hægt er að geyma fisk í sjónum með góðum árangri. En hversu mikill er fjárhagslegur ávinningur þjóðarbúsins að veiða fiskinn stærri en nú er gert?

SJÁVARFRÉTTIR báðu Ragnar Árnason dósent við Háskóla Íslands og doktor í fiskihagfræði að slá á þá tölu, en Ragnar hefur velt þessum málum nokkuð fyrir sér.

Í stuttu máli telur Ragnar, að með því að friða þriggja og fjögurra ára þorsk í tvö ár megi auka árlegan þorskafla að jafnaði um 50-60 þúsund tonn að friðunartímabilinu loknu og það jafngildi þriggja milljarða króna ávinningi á ári hverju upp frá því. Þessi ályktun er byggð á ákveðnum forsendum sem í stórum dráttum má útskýra sem hér segir:

Nærri lætur að hver 10 þúsund tonn af þorski samsvari tæplega 600 milljónum króna í þjóðarframleiðslu á gildandi verðlagi (1988). Sé gert ráð fyrir að algjör friðun þriggja og fjögurra ára þorsks auki árlegan þorskafla til frambúðar um 55 þúsund tonn að jafnaði, samsvarar sú aflaukning því ríflega þremur milljörðum króna í aukinni þjóðarframleiðslu, eins og áður sagði.

Þrátt fyrir þennan ávinning má ekki gleyma því, að friðun þriggja og fjögurra ára þorsks skilar

ekki aflaukningu fyrr en tveimur árum eftir að hún hefst. Í millitíðinni verður aflaminnkun, mest á fyrsta árinu. Ragnar telur, að miðað við núverandi sókn í smáfisk láti nærri, að friðun hans dragi úr þorskaflanum um 60-70 þúsund tonn á fyrsta árinu og e.t.v. 15-20 þúsund tonn á öðru áru. Á þriðja ári, þegar þorskur, sem hefði verið alfriðaður frá upphafi, kæmi inn í veiðina sem 5 ára fiskur, yrði hinsvegar varanleg aflaukning upp á þetta 50-60 þúsund tonn árlega að jafnaði.

Friðun smáfisks má skoða sem hverja aðra fjárfestingu, segir Ragnar, og það er ljóst að sú aukning framtíðarafla, sem ofangreind friðun hefur í för með sér borgar upphaflegu fjárfestinguna margfalt til baka. Öðru máli gegnir um friðun 5 ára fisks að álit Ragnars. Athuganir hans benda ekki til þess, að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að friða 5 ára þorsk. „Nú ber að taka það skýrt fram“ segir Ragnar, „að auðvitað er ekki framkvæmanlegt að friða þriggja og fjögurra ára þorsk algjörlega. Smáfiskur er innan um stóran fisk á sömu miðunum og þá verður ekki komist hjá því að veiða einhvern smáfisk. Þessar tölur gefa hins vegar vísbendingu um ávinninginn af því að friða smáfisk. Besta leiðin til að vernda smáfiskinn er að draga úr heildarsókn.“

Áfram er fabúlerað um gróðann af friðun smáfisksins og reiknað út hver hann er í tonnum talið. Þetta er orðrétt úr þeim vangaveltum:

„Sé gert ráð fyrir stórum árgangi þorsks með 300 milljónum nýliða (eins og árgangarnir frá 1983 og 1984 eru), gefur hann af sér 551 þúsund tonn miðað við mikla verndun..en 437 þúsund tonnum miðað við það sóknarmynstur..sem nú stefnir í með mikilli smáfiskaveiði. Mismunurinn er 114 þúsund tonn. Sé hinsvegar miðað við meðalár-gang sem telur um 230 milljónir nýliða, gefur hann 423 þúsund tonn miðað við mikla friðun..en 335 þúsund tonn miðað við núverandi sóknar-mynstur. Mismunurinn er 88 þúsund tonn“.

Allar þessar tölur eru stjarnfræðilega langt frá því sem leyft hefur verið að veiða til fjölda ára. Sé t.d. að því hugað að á þessum árum var smábátalotinn að veiða 20-30 þúsund tonn af þorski og segjum sem svo að 10-15% aflans hafi verið smáfiskur, þá var hann að veiða á bilinu 2 - 4,5 þúsund tonn af smáfiski. Þetta er svo lágt hlutfall af heildaraflanum að það tekur því ekki að reikna það.

Engu að síður klingja í eyrum landsmanna dag hvern tilkynningar frá stofnuninni um skyndilokanir, að uppistöðu á handfæraveiðar. Í jólahefti Brimfaxes var sýnt fram á fátanleika þessa eltingarleiks við skakmenn Íslands, en ef eitthvað er, hefur stofnunin bætt í síðan þá.

Það er 31 ár síðan þessi grein birtist í Sjávarfréttum, grein sem endurspeglar þá stefnu sem mörkuð var og er enn keyrð af hörku, bæði af hendi stjórnvalda og Hafrannsóknastofnunar. Aldrei á öllum þessum árum, sem telja orðið að lágmarki 6-7 kynslóðir þorsks, hefur hin minnsta athugun farið fram á því hvort hún hafi skilað einhverjum árangri.

Á þessum tíma var ítrekað hamrað á því að ef ráðum Harfó yrði hlýtt, gæti þjóðin átt von á hámarks afrakstri þorskstofnsins, sem stofnunin mat sjálf að væri 500 – 550 þúsund tonn. (Sjá skýrslu Sigfúsar Shopka 1996, Fjölrit Hafró nr. 133). Það vantar lítið uppá að stofnuninni hafi verið hlýtt: til margra ára hefur þorskaflinn verið mjög nálægt ráðgjöfinni og látlausar skyndilokanir undanfarin ár bera því rækilegt vitni.



VSV
VESTMANNAEYJAR
ICELAND

**TIL
HAMINGJU
MEÐ
DAGINN
SJÓMENN !**

VINNSLUSTÖÐIN HF HAFNARGATA 2 900 VESTMANNAEYJAR VSV@VSV.IS WWW.VSV.IS

Árngurinn? Leyfilegur heildaraflí á yfirstandandi fiskveiðiári er á svipuðu róli og árið 1984, þegar kvótakerfið var innleitt. Staðreyndin er sú að öll smáfiskafriðunin og svokallað hrygningarstopp (sem er hinn heilagi kaleikur stofnunarinnar) hafa nákvæmlega engu skilað í auknum aflaheimildum.

Það er löngu kominn tími til að stjórnvöld grípi her inni og fari að krefjast svara. Í raun tel ég að stofna þurfi opinbera rannsóknarnefnd vísindamanna og leikmanna (sem eru oft á pari við vísindamenn, hafandi starfað á vettvangi til áratuga) sem hafa engin tengsl við það ferli sem ráðgjöf Hafró er föst í og fer á sjálfstýringu í gegnum ráðuneyti og Alþingi.

Stjórnámálmennt eiga hér sína sök. Hræðslan við að andmæla vísindamönnum hefur þaggað niður í mörgum (ég þekki dæmi, alltof mörg) vel meinandi stjórnámálamönnum. Jafnframt er sláandi hvernig jafnvel öflugustu blaða- og fréttamenn þjóðarinnar virðast hafa ákveðið að skauta framhjá gagnrýninni umfjöllun á vinnubrögð Hafró.

Miðað við fjölmargar yfirlýsingar Hafrannsóknastofnunar hér á árum áður um afrakstur þorsstofnsins, væri farið að hennar tillögum, og þess sem blasað hefur við til fjölmargra ára, er ljóst að útreikningar og aðferðir stofnunarinnar hafa mistekist hrapallega.

Svo illa, að hægt er að reikna tekjutap þjóðarbúsins í hundruðum milljarða króna frá árinu 1984. Ekki þremur milljörðum króna á ári í gróða, eins og Ragnar Árnason reiknaði.

Ég er nokkuð viss um að það frispil sem Hafró hefur haft á hendi í áratugi, er dýrasta vísindatilraun sögunnar hjá nokkurri þjóð og þarf þar ekki að nota höfðatölu í því sambandi.

Það væri eitthvað sagt ef framkvæmdastjóri stórfyrirtækis gæfi út slíka framtímarsýn og útkoman yrði svo í þessum dúr.

Arthur Bogason



MARÁS

Míðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
 S:555 6444 / 552 2111



FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.



FYRIR SJÁVARÚTVEGINN



Prestolite



Poly-Flex



Navalloy



MAESTRINI










Siglinga og fiskileitartæki



Radarskannar



Radarskjáir



Botnstykki



Sjálfstýringar



Kortplotter



GPS/Gyró



Útistýri



Dýptarmælir



Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu kveðjur á sjómannadaginn.

PS5002 VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli



VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli

Fjölpátta flotgalli með tvöfaldri einangrun sem hentar vel við íslenskar aðstæður. VIKING PS5002 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til staðals og meira til. Flotgallinn er með innbyggt flot í baki sem gerir það að verkum að þú getur notað hann án björgunarvestis, það getur skipt sköpum við neyðaraðstæður!

- Flotgallinn er samþykktur af SOLAS og Siglingastofnun Íslands
- Flot innbyggt í baki
- Marglaga einangrun
- Stillingaról fyrir misjafnar stærðir
- Losanlegir hanskar auðvelda þér að fara í gallan
- Hífilína, félagalína ásamt neyðarljósi
- Fáanlegur í lofþéttum umbúðum
- Stærð: 140-200 cm
Yfirstærð: 190-210 cm

**Má nota án
björgunarvestis**





Um kvótasetningu blálöngu

Kvótasetning til annarra nota en veiða

Sú spurning hefur oftsinnis læðst að undirrituðum hvort kvótasetning tegunda hafi haft tilætluð áhrif, til dæmis hvað varðar uppbyggingu þeirra. Hér verður tekin út ein tegund – bálanga – sem sett var í hlutdeild og kvótasett í ágúst 2013, auk þess sem komið er inn á litla karfa og gulllax af sama tilefni. Skipum var úthlutað hlutdeild eftir aflareynslu sem reiknaði þeim aflamark miðað við leyfilegan heildarafla.

Tillaga um aflamagn leiðir til kvótasetningar

Ákvörðunin byggðist á því sem kom fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um að síðustu mælingar, haustrall 2012 og vorrall 2013, bentu til að stofninn færi hratt minnkandi. Lagt var til að heildarafla færi ekki umfram 2.400 tonn á fiskveiðiarinu 2013/2014. Í skýrslunni er þess getið að blálanga hefði um árabíl aðallega veiðst sem aukaafli í botnvörpu en á árunum 2008 – 2011

hefði afl á línu farið vaxandi vegna beinnar sóknar þeirra báta. Tillaga stofnunarinnar um heildarafla byggði á að sá afl væri nálægt því nýtingarhlutfalli sem var á árunum 2002 – 2009, en á því tímabili hefði stofninn stækkað. Stofnunin kom ekki með neinar tillögur um hvaða leið væri best til að takmarka heildaraflann, enda ekki þörf á þar sem lögin kveða aðeins á um eina leið í þeim efnum - kvótasetningu. Til viðbótar lagði Hafrannsóknastofnun til að hrygningar- svæðum suður af Vestmannaeyjum og Franshól yrðu áfram lokaðar á hrygningatíma frá 15. febrúar til 30. apríl.

Smábátæigendur gagnrýndu ákvörðun ráðherra þar sem blálanga hafði í vaxandi mæli fengist sem meðafli sem erfitt væri að forðast. Kvótasetning hennar væri því ávísun á vandræði. Það rættist, varla liðinn mánuður af fiskveiðiarinu þegar einn smábátur hafði fengið 7 tonn af blá-

löngu sem meðafla og engin leið fyrir hann að fá heimildir frá öðrum.

Lokað á aðrar leiðir veiðistýringa

LS lagði til að farin yrði önnur leið til að takmarka veiðarnar. Tegundin væri að mestu staðbundin og hafi verið ástæða til að vernda hana fyrir ofveiði væri í lófa lagið að setja hömlur á beina sókn í hana og lengja lokanir við hrygningarsvæði suður að Vestmannæyjum og á Franshól. LS skoraði á ráðherra að afnema ákvæði reglugerðarinnar um kvótasetningu á blálöngu hið snarasta. Ráðherra varð ekki við því og bar fyrir sig 9. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem segir eftirfarandi:

„Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila.“

Með öðrum orðum að lögin heimila ekki annars konar veiðistjórn en kvótasetning sé ákveðið að takmarka afla á tegund sem samfelld veiðireynsla er á. Í ræðu undirritaðs á aðalfundi LS 2013 um að ekki væru aðrar leiðir fyrir hendi hvað varðar stjórnun veiða þegar ákveðið væri að takmarka heildarafla sagði hann:

„Þá skora ég á ráðherra að beina sjónum sínum að áður nefndri 9. gr. áður en ákvörðun um kvótasetningu á makríl verður tekin. Það þarf t.d. að skilgreina í lögum um stjórn fiskveiða hvað er átt við með „samfelldri veiðireynslu“. Makrillinn kom vart inn á veiðislóð smábáta fyrr en á síðasta ári og almennar veiðar hófust ekki fyrr en nú í ár. Það sama á við íslensku sumargotssíldina, skötusel og löngu, keilu og fyrrnefnda blálöngu. Ég ítreka að nauðsynlegt er að breyta 9. gr. þannig að svigrúm sé fyrir annars konar veiðistýringu en kvótasetningu þegar hún á ekki við. Blálangan er hér skýrt dæmi þar um.“

Hvorki þáverandi ráðherra né þeir sem á eftir komu hafa séð ástæðu til að gera umræddar breytingar. Ekki er ólíklegt að niðurstaðan í makríldeilu nokkurra útgerða gagnvart ríkinu væri önnur en sú að handan við hornið bíði nú



Örn Pálsson fjallar um kvótasetningu blálöngu

milljarða skaðabótakröfur á hendur ríkinu vegna þessara samfelldu veiðireynslu sem kveðið er á um. En dveljum ekki lengur við það.

Kvótasetning styrkti ekki stofnana

Á fiskveiðiárinu 2013/2014 gekk kvótasetning blálöngu eftir og hefur verið þannig síðan. Ráðherra fór að tillögu Hafró að leyfilegur heildarafla yrði 2.400 tonn. Þeir sem stunduðu veiðarnar urðu fyrir mikilli skerðingu þar sem meðalveiði undanfarinna þriggja ára hafði verið rúm 4.500 tonn. Helftin af veiðiheimildunum - 41,5% - fór til tveggja fyrirtækja, Vísis (28,5%) og Þorbjarnar. Alls fengu 244 skip reiknaða aflahlutdeild og voru 24 þeirra sem mest fengu með um ¼ heimildanna.

Kvótasetning og veiðarnar hrundu

Í ástandsskýrslu Hafró fyrir yfirstandandi fiskveiðiár kemur fram að viðmiðunarstofn >40 cm hefur lækkað síðan árið 2009. Nýgliðun mældist vart árin 2010 – 2016, en á árinu 2017 hækkaði hún. „Stofninn samanstendur nú af stórum einstaklingum þar sem miðlungsstærðina vantar og því er 20% varúðarlækkun beitt nú.“ Um horfur segir eftirfarandi: „Verði nýgliðun næstu ára lík því sem stofnmælingar gefa til kynna má búast við að veiðistofn blálöngu minnki á komandi árum.“

Í töflunni sem hér birtist er yfirlit um leyfilegan heildarafla og afla.



Bjargfugl RE 55. Í rótarbrimi rétt undan Gróttuvitanum að draga grásleppunet.

Fiskveiðiár	Tillaga Hafró	Afli	
2010/2011	Svæðalokanir	6.992 tonn	
2011/2012	4.000 tonn	5.037 tonn	Breytt í aðrar tegundir
2012/2013	3.100 tonn	3.199 tonn	
2013/2014	2.400 tonn	1.754 tonn	439 tonn
2014/2015	3.100 tonn	1.939 tonn	486 tonn
2015/2016	2.550 tonn	1.824 tonn	721 tonn
2016/2017	2.040 tonn	932 tonn	519 tonn
2017/2018	1.956 tonn	549 tonn	581 tonn
2018/2019	1.520 tonn	500 tonn*	

Í hendi Hafró að auka aflann

Eins og sjá má hefur ekki tekist eða ekki borgað sig að veiða það aflamagn sem heimilað hefur verið á þeim 6 fiskveiðiárum sem veiðunum hefur verið stýrt með aflamarki. Þar vantar rúm sex þúsund tonn upp á. Að óbreyttum lögum er veiðistjórnun á blálöngu í öngstræti þar sem samtímis og Hafró ráðleggur heildarafla á tegundinni og ráðherra samþykkir er honum skylt samkvæmt lögum að stjórna með aflamarki. Eins og tölur sýna gengur það ekki upp, nýting leyfilegs afla með veiðum er óviðunandi. Ætli Hafrannsóknastofnun að komast fram hjá veiðistýringu með kvótum og freista þess að auka afla er það tillaga mín að stofnunin nefni ekki

magn leyfilegs afla heldur leggi til „að bein sókn í stofninn verði takmörkuð með svæðalokunum“ eins og stofnunin gerði í tillögum sínum árið 2010 um veiðar á fiskveiðiárinu 2010/2011. Boltinn er því hjá Hafrannsóknastofnun meðan 9. grein laga um stjórn fiskveiða stendur óbreytt.

Þróun veiða

Áður en veiðunum var stjórnað með kvótum fékkst blálanga gjarnan sem meðafli við togveiðar og á línu. Fram til ársins 2008 og 2009 þegar 40% aflans var veitt á línu, var blálanga nær eingöngu veidd í botnvörpu ef frá eru skilin árin við aldamót 1999 og 2000. Frá þeim tíma hefur meirihluti blálöngunnar verið á línu, en árin 2016 og 2017 datt botninn úr þeim veiðum þegar aðeins um fjórðungur aflans skilaði sér á hana.

Litli karfi	Ráðgjöf	Afli	Tegundatilfærsl
2014/2015	1.500 tonn	390 tonn	277 tonn
2015/2016	1.500 tonn	421 tonn	489 tonn
2016/2017	1.500 tonn	110 tonn	457 tonn
2017/2018	1.500 tonn	151 tonn	421 tonn

Stöplariðið sýnir breytingar á veiðafærasamsetningu sem orðið hefur í veiðum á blálöngu.

Þykir þér vænt um bátinn þinn?

Þjóðum upp á hágæða efni frá International



- Perfection háglansandi polyúreþanlakk
- VC 17 Extra Teflon botnmálning sem tryggir minni olíueyðslu og meiri hraða
- Sjálfslípandi botnmálning í mörgum litum
- Teflonefni í úðabrusum á drifsköft og skrúfublöð
- Epiglass viðgerðarefni fyrir trefjaplast- og trébáta
- Hreinsiefni og bón fyrir plast og lakk
- Glær lökk og viðarolíur fyrir trébáta

SérEfni

– tæringarvörn til sjós og lands


Vert er að vekja athygli á að árin 2014 og 2017 kom 9% aflans í humartroll.

Blálangan – er stofninn hruninn?


Eins og sjá má hefur botnvarpa nú aftur komist í aðalhlutverk varðandi veiðar á á blálöngu. Í stað þess að 70% blálönguafllans var veitt á línu árið 2011 var hlutfallið aðeins 27% á árinu 2017. Botnvarpan hafði tekið yfir komin í 70% og sífellt herra hlutfall sem veiðist sem meðafli. Er nema von að spurt sé, hvað er að gerast varðandi blálöngu? Tölurnar benda til að stofninn sé hruninn. Aflinn á síðasta fiskveiðiarí aðeins 17% af því sem hann var fyrir 5 árum og um 8% sem hann var fyrir 7 árum.

Tegundatílfærsla


Með ört minnkandi afla og minni sókn hafa menn ekki setið aðgerðalausir. Blálangan er notuð í tegundatílfærslu og er nú svo komið að þar eru tonninn fleiri en það sem veitt er af henni. Ekki ólíklegt að meira sé upp úr því að hafa heldur en að veiða hana á línu. Verði ekki breyting á veiðistjórnuninni er óhjákvæmilegt að Hafrannsóknastofnun lækki ráðgjöfina í stað þess að horfa uppá að hún sé notuð í tegundatílfærslu sem leiðir til umframaflla í öðrum tegundum. Varla getur það verið tilgangurinn?



Blálanga - heildaraflí eftir veiðarfærum með botnvörpu og línu



Blálanga - hlutfall veiðarfæra (%)



Litli karfi aflinn aðeins 18% af úthlutun

Á sama tíma og blálanga var kvótasett voru gulllax og litli karfi settir undir sömu stjórnun. Ekki er annað að sjá en þar sé staðan sú sama er varðar veiði og það magn sem breytt er í aðrar tegundir. Á síðastliðnum fjórum fiskveiðiárum hefur verið heimlt að veiða 6.000 tonn af litla karfa. Aflinn hefur hins vegar aðeins verið 1.072 eða 18%. Það sem notað hefur verið í tegundatilfærslur er hins vegar helmingi meira 1.644 tonn. Gulllaxinn kemur aðeins skár út. Þar var leyfilegt að nýta með veiðum 34.839 tonn, af því voru veidd 21.568 tonn og 6.659 tonn.

Litli karfi	Ráðgjöf	Afli	Tegundatilfærsl
2014/2015	1.500 tonn	390 tonn	277 tonn
2015/2016	1.500 tonn	421 tonn	489 tonn
2016/2017	1.500 tonn	110 tonn	457 tonn
2017/2018	1.500 tonn	151 tonn	421 tonn

Gulllax	Ráðgjöf	Afli	í aðrar tegundir
2014/2015	8.000 tonn	6.848 tonn	391 tonn
2015/2016	8.000 tonn	5.991 tonn	1.612 tonn
2016/2017	7.885 tonn	3.570 tonn	1.937 tonn
2017/2018	9.310 tonn	5.159 tonn	2.719 tonn

Breytt í gullkarfa – veitt umfram ráðgjöf

Í hvaða tegundir var svo breytt. T.d. gullkarfa, sem varð til þess að veiði þar fór 13% umfram ráðgjöf. Taflan hér sýnir karfa á Íslandsmiðum sl. 4 fiskveiðiár.

Fiskveiðiár	Ráðgjöf	Afli	Umfram
2014/2015	45.600 tonn	48.349 tonn	2.749 tonn
2015/2016	48.500 tonn	54.818 tonn	6.318 tonn
2016/2017	47.205 tonn	48.532 tonn	1.327 tonn
2017/2018	45.450 tonn	51.429 tonn	5.979 tonn
2018/2019	39.240 tonn	45.000 tonn*	5.360 tonn*

Líklegt er að það sama muni eiga við um hlýra. Alls 350 skip sem fengu úthlutun, 24 þeirra með 58% úthlutunarinnar. Skipum með landaðan afla mun fækka stórlega, veiðiheimildir verða notaðar til að skipta í aðrar tegundir og aflinn mun að öllum líkindum dragast saman.

Því sem hér hefur verið komið á framfæri er til þess ætlað að ráðherra skoði þessi málefni og svari spurningunni: Hvort hér sé um þá nýtingu og stjórnun sem lagt var upp með?

ÓSKUM SJÓMÖNNUM TIL HAMINGJU MEÐ SJÓMANNADAGINN 2019!





Viðtal: Axel Helgason Formaður LS

Sanngirni og réttlæti eru ekki ær og kýr stjórnsýslunnar

Mér er minnisstætt þegar Axel Helgason steig í pontu eftir að hafa verið kosinn formaður LS á aðalfundi félagsins 2016. Það gustaði ekki beinlínis af honum, en það var eitthvað í fari hans sem vakti athygli mína. Við þekktumst ekki, en síðan hef ég kynnst honum allvel. Þessi látlausa framkoma hans sem nýkjörins formanns LS var lognið á undan storminum. Axel hefur reynt hvalreki fyrir smábátaeigendur.

Það er því sorglegt til að vita að Axel tilkynnti á stjórnarfundum LS fyrir stuttu að hann hyggst ekki gefa kost á sér í haust til áframhaldandi formennsku. Það er einlæg von mín að eitthvað fái hann til að skipta um skoðun.

Það hefur úmislegt gengið á frá því hann kom til sögunnar í réttindabaráttu félagsins og því vel við hæfi að ræða við hann um vegferðina.

Sp: Það var með mjög skömmum fyrirvara sem þú ákvaðst að gefa kost á þér sem formaður. Hvað var það sem réð úrslitum?

AX: Meginástæðan var sú að ég hafði og hef brennandi áhuga á málum smábátautgerðarinnar. Mér fannst einnig lítið vera að gerast til að viðhalda og bæta umhverfi smábátutgerðarinnar. Ég tel mig að auki vera með sterka réttlætiskennd sem ég taldi að myndi nýtast mér til að vinna að málefnum smábátutgerðarinnar. Síðan þá hef ég reyndar upplifað að réttlætiskennd virðist ekki skipta miklu máli og við úrlausn mála er allt of oft engin skýring gefin á stjórnvaldsákvörðunum þótt beðið sé um þær.

Sp: eru með því að segja að innan stjórnsýslunnar skipti réttlætið ekki háan sess?

AX: Það má segja það. Það skiptir ekki máli þó þú færir óvægjanleg rök fyrir þínu máli. Það eru aðrir hagsmunir en hagsmunir greinarinnar sem eru látnir ráða. Það stuðar mann að stjórn-

sýslan og þeir sem við erum að eiga við til að bæta vinnuumhverfi smábátaútgerðarinnar komast upp með að svara ekki eða rökstyðja þær ákvarðanir að taka ekki tillit til athugasemda og ábendinga varðandi reglugerðir. Þeir komast upp með það að segja ekki einu sinni „af því bara“ heldur að „svona sé þetta“.

Þetta samtal þarf að mínu mati að eiga sér stað. Við þurfum að fá rök fyrir því að ekki sé hægt að fá samþykka ákveðna hluti. Það nærtækasta í þessu sambandi er varðandi grásleppuna. Sem dæmi er sú staðreynd að við fengum ekki í gegn að VS hlutfallið yrði hækkað og að mönnum væri gert kleift að gera hlé á veiðum, sem miðar sannarlega að því að bæta umgengnina og minnka veiðarfæratjón.

Rökstuðningurinn sem fylgdi neituninni við þessum tillögum hélt ekki vatni. Hann var sá að til stæði að breyta núverandi fyrirkomulagi grásleppuveiða og því ekki tímabært að breyta nokkrum hlut.

Á sama tíma var ráðuneytið hinsvegar tilbúið til að samþykkja breytingu sem Fiskistofa lagði til sem gerði að verkum að mönnum var gert ókleift að landa bolfiski, sem var vitaskuld alveg galið. Á endanum var greininni hent út í heilu lagi. Þetta er lýsandi dæmi um hversu óvönduð vinnubrögð geta farið í gegnum ráðuneytið. Í þessu tilfelli fékk einn starfsmaður Fiskistofu að gera tillögu, án nokkurrar umræðu, um breytingar á reglugerð um hrognkelsaveiðar. Síðar kom í ljós að yfirmaður þessa starfsmanns vissi ekkert af málinu.

Sp: Hvað með Samgöngustofu?

AX: Frá því ég tók við sem formaður hafa ekki komið upp mörg mál varðandi Samgöngustofu. En áður en ég tók við þessu embætti upplifði ég tæknideild Samgöngustofu þannig að allt væri gert til að flækja mál. Þar var sama upp á teningnum, teknar ákvarðanir um breytingar á reglum um smíði og búnað smábáta sem virtist ekki þurfa að rökstyðja á nokkurn hátt og voru sannarlega ekki til að auka öryggi, gæði bátanna eða starfsumhverfið í smábátaútgerðinni. Ég skynjaði þetta ekkert öðruvísi en duttlunga starfsmanna.



Axel Helgason formaður LS

Sp: Mér var kunnugt um að þú varst ekki blautur á bak við eyrun varðandi það að eiga við stjórnsýsluna. Hefur það komið þér á óvart hversu slæmt þetta er eftir að þú varðst formaður LS?

AX: Það sem hefur komið mér mest á óvart er hversu fáir aðilar innan stjórnsýslunnar hafa gríðarleg völd og virðast ekki þurfa að standa frammi fyrir neinum og færa rök fyrir afgreiðslu mála.

Sp: Hvernig er hægt að breyta þessu?

AX: Mér varð ljóst hvernig svona breytingar eiga sér stað þegar ég fékk afrit af umsögn Fiskistofu varðandi reglugerð um grásleppuveiðar. Þá gerði ég tillögu um að engar slíkar breytingar yrðu gerðar á reglugerðum nema með samráðsfundi, þ.e. fundi þeirra er málið varðar. Við þessu hef ég ekki fengið svar.

Það sem þarf að breytast almennt í reglugerðar-smíði er að framsetningin þarf að verða með allt öðrum hætti. Nú er það svo að það er stofnreglugerð og síðan er bætt við eða breytt og þú þarft að finna öll skjölin til að átta þig á heildarmyndinni. Síðan þurfa að vera skýringar, greinagerðir með reglugerðum líkt og fylgir með framlagningu laga á alþingi.

Staðreyndin er sú að sumar reglugerðir innihalda greinar sem enginn veit í raun af hvaða ástæðu voru settar.



Axel Helgason. Það var brakandi blíða í Breiðafirðinum hinn 23. maí s.l.

Var það t.d. vegna þess að einhver starfsmaður fékk hugmynd sem hann setti fram og enginn veit í dag hvernig til kom? Ég er þeirrar skoðunar að við hverja og eina grein reglugerðar þurfi að vera greinagerð sem skýri út tilgang hennar, rétt eins og gert er með lagafrumvörp. Það má vera að þetta eigi ekki við um allar reglugerðir, en í tilfelli fiskveiðistjórnunarkerfisins tel ég að það verði alltaf til bóta.

Sp: Það hefur ýmislegt gengið á uppá síðkastið sem reynir á smábátaflotann. Eitt af því er makrílfrumvarp sjávarútvegsráðherra.

AX: Það sem ráðherra gerir með þessu frumvarpi, þ.e. að vera með 10 ára viðmiðunartíma, er að hann tekur út helming af veiðireynslu smábátaflotans. Hlutdeildin fer úr 4% í um 2%. Þetta er vísitandi gert til að skerða okkar hlut.

Sp: Hefurðu einhverja skýringu á því hversvegna látlaust er sótt að smábátaflotannum? Þetta er bara eitt af nokkrum dæmum upp á síðkastið. Í tilfelli makríveiðanna þá er t.d. vitað að gæðin á handfæraveiddum makríl eru einstök og ljóst að þessir bátar eru að veiða á svæðum sem að öðrum kosti yrðu ekki nýtt.

AX: Það er á hreinu að enginn makríll yrði veiddur á þessum svæðum sem smábátaflotinn er að taka hann á. Ég held að hluti af skýringunni sé sú að við erum sundraðir í bátáttunni við að viðhalda þeim heimildum sem smábátarnir hafa fengið og að stórútgerðin gengur hart fram í því að fá þær heimildir sem við höfum.

Þeir nýta sér það jafnframt að við höfum ekki náð nema u.þ.b. helming þess sem okkur var úthlutað. Að hluta til er ástæðan sú að tiltölulega fáir bátar sem fengu megnið af úthlutuninni skilja eftir um 2.000 tonn óveidd og eru með þá kröfu til ráðuneytisins að fá að skipta því yfir í þorsk frá stórútgerðinni.

Á síðustu árum hafa um 50 bátar hafið veiðar, en á sínum tíma voru u.þ.b. 120 bátar búnir að græja sig til makrílveiða. Við kvótasetninguna 2015 voru um 70 bátar skildir eftir með það litla hlutdeild að það borgaði sig ekki að hefja veiðar. Það sem kemur þessum aðilum ennþá verr í tilögum ráðherrans er að þeir verða nánast núllaðir út, vegna þess að þeir hafa ekki farið á veiðar eftir að hafa myndað sér þessa veiðireynslu. Þeirra veiðireynsla hverfur nánast alveg. Það sem er ennþá verra er að í ári eins og t.d 2016, þegar heimildirnar voru ekki nægar að heimildir þeirra sem voru með minnstu kvótana voru leigðar upp af þeim sem meira máttu sín.

Með framkomnu frumvarpi myndast því veiðireynsla hjá þeim vegna þess að þeir leigðu heimildir þeirra sem gátu ekki hafið veiðar vegna þess hve litla kvóta þeir höfðu.

Í þessu sambandi hef ég væntingar til þess að Atvinnuveganefnd Alþingis taki tillit til athugasemda LS og hafi í öndvegi 1. grein laganna um fiskveiðistjórnunina.

Sp: vendum klæði í kross: ég man vel eftir því að þú taldir að skilja bæri formannsvinnuna eftir á skrifstofunni síðla dags. Hefur þessi skoðun þín eitthvað breyst?


AX: Þetta starf býður ekki upp á það. Þú ert sjaldan laus úr vinnunni. Kannski er um að kenna agaleysi hjá mér sjálfum að geta ekki klippt á að fylgjast með eða svara þeim verkefnum sem berast. Og svo ég komi stjórnýslunni aðeins til varnar, þá held ég að mikið af þessu fólki sé á yfirálagi, sérstaklega lykilmálum. Þetta á ekki síður við um stjórnáamennina.

Sp: Hverfum aðeins frá þessu tali og ræðum innanhússmál LS. Ég heyrði ótal sinnum í minni formannstíð að það væri ekkert mál fyrir formann að sinna starfinu utan skrifstofu og að hann gæti hæglega stundað róðra samhliða formennskunni. Hvað hefur þú um þetta að segja?

AX: Þetta er útilokað. Ég hef átt erfitt með að gera þetta eins og ég hef gert, þ.e. að hverfa frá í fimm vikur á makríl og 35 – 45 daga á grásleppu. Þetta sleppur kannski vegna þess að þessi tími er sá rólegasti gagnvart stjórnýslunni.

Sp: Hvað hefur glatt þig mest í formannstarfinu?

AX: Það eru þessi fáu skipti sem ég hef fengið tölvupósta eða símtöl þar sem manni er þakkað það sem vel hefur tekist til. Þessi tilfelli eru ekki mörg. Í heildina er þetta því miður mjög vanþakklátt starf. Menn virðast eiga mjög erfitt með að sjá heildarmyndina af þeim málum sem verið er að berjast fyrir að ná í gegn. Í þessu sambandi



Almanak
Háskóla Íslands 2019

Fást í helstu
bókaverslunum
um land allt



Almanak
Þjóðvínafélagsins 2019
(ásamt Árbók 2017)

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N

haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003

get ég nefnt grásleppuna. Hvað hefðu grásleppuveiðimenn gert í fyrra ef ráðuneytið hefði komist upp með það að halda til streitu 32 dögum á grásleppuvertíð?

Við kröfðumst þess að fá fund með ráðuneytinu og á honum kröfðumst við þess að fá 48 daga og fengum í gegn 44 daga. Þrátt fyrir þessa fjölgun daga stóð eftir að veiðin varð aðeins 80% af ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar. Það er klárt mál að ef LS hefði ekki beitt sér í málinu hefðu dagarnir einungis orðið 32.

Sp: Hvaða mál finnst þér standa uppúr í þinni formannstíð?

AX: Það sem snertir flesta er lækkun veiðigjalda. Ég lít á það sem gagnlegasta hlutinn fyrir okkar félagsmenn. Ég er hinsvegar hvað ánægðastur varðandi vottunarmálin. Við létum ekki vottunarfærni setja okkur skorður varðandi það sem við teljum vera sjálfbæra nýtingu á fisktegund.

Ég veit það mætavel að ef LS hefði ekki barist gegn þessum uppreikingi á meðafli, þá væru komnar stórkostlegar hömlur á grásleppuveiðar til þess að viðhalda vottuninni. Vottun sem meginþorri grásleppuveiðimanna vill ekkert með hafa.

Sp: Nú var að koma út 1800 bls. alþjóðleg skýrsla sem lýsir í smáatriðum að heimurinn sé að farast. Í kjölfarið komu fréttir af því að 90% allra dýrategunda á Íslandi munu deyja út á næstu áratugum. Þetta er ófögur mynd og í henni var m.a. tíundað að bæði útselur og landselur væru á lista yfir tegundir í bráðri útrýmingarhættu. Hefur þú áhyggjur af því að grásleppuveiðar verði hreinlega bannaðar í ljósi þessa?

AX: Ég hef áhyggjur af því að umhverfisverndarfolk fái almennt sínum kröfum framfylgt og að við nýtum ekki auðlindirnar. Þetta er komið svo langt að líklegt er að við þurfum innan skamms að veiða fisk án þess að valda honum kvölum.

Staðreyndin er sú að nánast allt sem við erum að veiða erum við að nýta á sjálfbæran hátt. Varðandi selinn þá er strax hægt að hrekja það sem sagt er um útselinn, en honum fjölgaði um tæplega 50% á milli talninga. Varðandi landsel-

inn þá er líklegt að honum fari fækkandi, en það er erfitt að henda reiður á hverju um er að kenna. Í mínum huga er klárt að meðafli landsels við grásleppuveiðar er ekki aðalástæða fækkunar í stofninum. Það átti sér stað talning fyrir allnokkru síðan en það er athyglisvert að það tekur Hafrannsóknastofnun þrisvar-til fjórum sinnum lengri tíma að komast að niðurstöðu í talningunum en fyrir fáeinum árum. Niðurstöður áttu að birtast fyrir áramót en það er ennþá verið að vinna í því.

Sp: Þarna erum við komnir að Hafró. Í dag er engu líkara en Guð sé að tala þegar stofnunin gefur út ráðgjöf. Hvað hefur þú um Hafró að segja?

AX: Ég hef átt gott samtál og samstarf með ákveðnum aðilum innan Hafró. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna Þorstein Sigurðsson. Það sem hefur valdið mér vonbrigðum varðandi Hafró er að það virðast vera ákveðnir fordómar gagnvart smábátaútgerðinni. Þessa fordóma er hægt að sjá t.d. í svari stofnunarinnar við fyrirspurn Ara Trausta varðandi umhverfisvænleika veiðarfæra. Þar er þetta ansi sláandi. Annað sem ég hef verið í samskiptum við Hafró með eru svokallaðar meðaflaskýrslur. Mér finnast vinnubrögðin á þeim vægast sagt bagaleg. Að það skulu vera vísindamenn sem taka sér fleiri mánuði í að komast að niðurstöðum sem ekki er hægt að færa nein skynsemissrök fyrir er með ólíkindum.

Sp: Hafró á tvo heilaga bikara. Annar er verndun smáfisks og hinn hrygningastoppið. Hver er afstaða þín gagnvart þessum málum?

AX: Ég hef ekki mikið skoðað smáfiskamálin, en það er ágætis svar í skýrslu starfshópsins um endurskoðun á regluverki varðandi stærðartakmarkanir o.fl.

Þar segir að það sé í raun ekkert vitað hvaða áhrif það hafi að vernda smáfisk. Samt er þetta heilög kú og verið að leggja til að stækka bannsvæði og þar verið að eltast við handfærabáta. Fyrir mér er þetta algerlega galið. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í fyrirspurn Ara Trausta er talað um kjörhæfni veiðarfæra, þ.e. hvernig hægt sé að veiða ákveðnar tegundir og stærð með viðkomandi veiðarfærum. Í svari



Hafró er kjörhæfni handfæra metinn lítil, en kjörhæfni botnvörpu alveg þokkaleg. Þetta er lagt upp þannig að borið er saman eitt rennsli á einni handfærarúllu, við tveggja tíma eða lengra tog með botnvörpu. Í svarinu kemur einnig fram að þú getir ekkert vitað hvað kemur upp á krókunum, en í tilfalli botnvörpunnar getur þú valið þér veiðisvæði, tíma og dýpt með tilliti til þeirrar tegundar sem þú villt fá.

Svona bull nær engri átt og til skammar að kenna þetta við vísindi. Ég fékk síðan skýringu á þessu svári stofnunarinnar frá þeim sem samdi það, að hann væri einfaldlega orðinn leiður á því að almenningur teldi að handfæri og lína væru sérstaklega umhverfisvæn veiðarfæri.

Sp: Hvert er álit þitt á togararallinu. Það má segja að það sé þriðji heilagi kaleikur Hafró.

AX: Ég hef svosem ekki kafað djúpt í þau mál, en miðað við þær hreyfingar og breytingar sem eiga sér stað í hafinu og lífríkinu, dæmi þar um er úsan sem er komin miklu meira norður fyrir land. Skötuselurinn fór norður en virðist hafa hopað til baka ásamt mörgu öðru, þá finnst mér mjög sér-

stakt að það séu 600 fastar og óumbreytanlegar togstöðvar. Ég held að til framtíðar ætti að nýta í auknu mæli gögn frá skipaflotanum til að meta ástand fiskistofna. Aflaupplýsingar og ferlar frá skipum og bátum innihalda mikið af upplýsingum sem búa þarf til reiknilíkan úr til að ná út upplýsingum sem ég tel að gæfi að öllum líkindum mun betri rauntímaupplýsingar um ástand fiskistofna.

Svo er það netarallið sem mér finnst undarlegt að vera að stunda yfir hrygningarstoppið á sama tíma og handfærabátum eru meinaðar veiðar á þeim forsendum að þeir séu að trufla hrygninguna. Hámarksafli sem handfærin gætu náð á þessum tíma eru á milli 800 – 1000 tonn. Netarallið fæ ég ekki séð að hafi neinn vísindalegan tilgang og virðist fyrst og fremst vera tekjuöflun fyrir Hafrannsóknastofnun.

Sp: Þú hefur verið ötull við að leggja að þeim sem gefa kost á sér til stjórnarsetu og þátttöku í réttindabaráttu LS, að vera virkari og vinnusamari en raunin er. Er þetta ástæðan eða hluti hennar að þú hyggst hætta í haust?

AX: Mér sýnist þróunin innan LS vera sú sama og almennt virðist vera í félagasamtökum hverskonar og verkálýðsfélögum. Það virðist almennt sífellt erfiðara að ná fólki saman og virkja samstöðu þess.

Ein afleiðingin er sú að sífellt færri telja að maður sé að vinna fyrir þá og jafnvel að maður geti lesið hug þeirra og eigi að vinna eftir því, í stað þess að mynda málefnaþópa þar sem mál eru rædd til niðurstöðu.

Á milli aðalfunda erum við að reyna að framfylgja samþykktum þeirra, en aðalfundir ná aldrei utan um allt það sem kemur upp á milli þeirra. Þegar slík staða kemur upp er maður hálfgerð eyland því það er ekki auðvelt að fá menn að málum, t.d. að veita umsagnir um frumvörp o.fl.

En þetta er ekki bara LS. Það sem þetta gerir að verkum er að frekjurnar í Þjóðfélaginu og þeir sem eru með tengingar inn í pólitíkina og stjórn-sýsluna ná allt of oft ná sínu í gegn með yfirgangi.

Sp: Þú ert að undirbúa þig fyrir grásleppuna. Hvernig leggst vertíðin í þig?

AX: Ágætlega. Auðvitað er alltaf óvissa með veiðina og það sem af er vertíð hefur hún verið heldur minni en í fyrra. Ég lít engu að síður bjartsýnum augum fram á við, verðið hefur t.d. hækkað um 50% frá því í fyrra og mikil samkeppni, þrátt fyrir að grásleppan missti MSC vottun.

Við slítum samtalinu, að því mér finnst í miðjum klíðum. Ég vona sannarlega að honum snúist hugur og gefi áfram kost á sér sem formaður LS

Arthur Bogason





Til hamingju með daginn sjómenn!



Við hjá N1 sendum hetjum hafsins og fjölskyldum þeirra um allt land heillaóskir í tilefni sjómannadagsins.

Endalausar skyndilokanir, en engar rannsóknir á árangri!



Innvolsið úr smáum hæng. Hann var kynþroska, en samkvæmt málbandi ætti hann ekki að vera það.



Innvolsið úr smárri hrygnu. Eins og sést var hún á steypinum.

Jón Kristjánsson fiskifræðingur

Þegar við höfðum náð fullum yfirráðum yfir landhelginni 1976 var sú stefna tekin upp að draga úr sókn í smáfisk til að hann mætti stækka og gefa meiri afla seinna. Miðað var við að létta sem mest á sókn í þriggja ára þorsk. Það var gert með því að stækka möskva í trollpoka úr 120 í 155 mm og loka svæðum, þar sem mikið var um smáfisk, í tiltekinn tíma. Þetta voru kallaðar skyndilokanir og stóðu yfirleitt í eina viku.

Þessar aðgerðir höfðu mikil áhrif á aldursamsetningu aflans. Á árunum 1971-1975, þegar möskvastærð í botnvörpum hér við land var 120 mm var landað 20,7 milljónum þriggja ára þorski að meðaltali á ári. Árin 1977-1981, en þá var möskvastærð 155 mm, var árlegur meðalfjöldi landaðra þriggja ára þorska einungis 4.4 milljónir, hafði minnkað um nær 80%. Hafrómenn voru mjög ánægðir með þessa þróun.

Í kjölfarið fór að draga úr vexti þorsks þannig að 1983 var þorskurinn ári lengur að ná fjórum kílóum og 7 ára þorskar voru nær tveimur kílóum

léttari 1983 en þeir voru 1979. Þar sem gera má ráð fyrir auknum afföllum með hægari vexti var ekki að undra þótt afli væri orðinn tregur. Ég og fleiri skýrðum þetta með því að fæðubúrið hefði ekki þolað þá stækkun stofnsins sem varð vegna samdráttar í afla á smáfiski og reyndar mikilla takmarkana á þorskveiðum. Hafró keypti ekki þessa skýringu, taldi þetta hafa verið ofveiði og lagði til mikinn samdrátt í veiðum og í framhaldinu varð kvótakerfið til.

Þarna hefðu menn átt að staldra við og skoða rækilega hvort rétt hafi verið að gera þessar röt-tæku breytingar á sókn í þorskinn. En það var ekki gert og heldur var hert á. Skyndilokanir og smáfiskavernd héldu áfram og smám sama tíndust fleiri tegundir inn í kerfið, úsa og ufsi t.d. Og nú, 43 árum seinna, er þetta kerfi enn við lúði nánast óbreytt, nema lokanir nú standa í tvær vikur og svo bætast við reglugerðalokanir, þegar svæðum er lokað til lengri tíma.

Í apríl s.l. birti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið drög að reglugerð um tímabundnar lokanir á veiðisvæðum á grunnslóð við Ísland til umsagnar og var gefinn 6 daga frestur til að

senda inn athugasemdir. Samkvæmt reglugerðinni er lagt til að 16 veiðisvæðum verði lokað tímabundið til tveggja til þriggja ára.

Settur hafði verið upp starfshópur en hann hafði m.a. lagt til að tilteknum svæðum, þar sem mest væri um skyndilokanir eða smáfisk, yrði lokað með reglugerð.

Kemur nú að aðalefni þessarar greinar, sem er sú spurning hvort gagn hafi verið af þessari smáfiskafriðun.

Það er sláandi að árlegur þorskaflí í friðunarkerfinu er um 200 þús. tonnum minni en hann var áður en gripið var til annara aðgerða en útfærslu landhelginnar. Margir fræðimenn hafa gagnrýnt veljandi veiði, það að skafa stóra fiskinn ofan af stofninum, m.a. Jeppe Kolding sem stafar við Háskólann í Bergen (<http://jonkr.mmedia.is/english/tragedy.pdf>).


Starfshópurinn óskaði eftir greinargerð frá Hafnansóknastofnun um gildi lokana veiðisvæða. Í greinargerðinni kemur m.a. fram að þrátt fyrir að langtíma lokanir veiðisvæða (friðunarsvæði) hafi verið veigamikill þáttur í stjórnkerfi fiskveiða á Íslandsmiðum í áratugi, þá er lítið um mæligögn sem staðfesta áhrif þeirra aðgerða á afrakstur fiskistofna. Það þýði samt ekki að aðgerðirnar hafi ekki skilað árangri, vilja þeir álíta.

Þótt áhrif friðunaraðgerða hafi ekki verið könnuð skal þeim samt haldið áfram!

Í greinargerð Hafró má finna eftirfarandi glefsur:

„Svæðalokunum við Ísland hefur aldrei verið fylgt úr hlaði með rannsóknáætlunum um það hvernig meta skuli áhrif aðgerðanna. Það hefur frekar verið tekið sem gefið að sú aðgerð að beina fiskiskipum frá smáfiski/hrygningarfiski hljóti að hafa jákvæð áhrif og auka afrakstur.“

„Rannsóknir sem gerðar hafa verið á friðunarsvæðum hafa m.a. beinst að því að meta hvað verður um þann fisk sem nýtur friðunar innan svæðanna. Merkingar á þorski á friðunarsvæðum og veiðislóð fyrir norðvestan land árin 1994-1995 þóttu benda til að svæðin kæmu að gagni sem verndarsvæði fyrir smáþorsk <55 cm“



Jón Kristjánsson, fiskifræðingur

Niðurstöður bentu til að lokun á Digranesflaki hefði haft jákvæð áhrif á úsu og skráplúru á Digranesflaki, og í umræðukaflanum segir m.a.:

„Þessi samantekt sýnir að þrátt fyrir að langtíma lokanir veiðisvæða (friðunarsvæði) hafi verið veigamikill þáttur í stjórnkerfi fiskveiða á Íslandsmiðum í áratugi, þá er lítið um mæligögn sem staðfesta áhrif þeirra aðgerða á afrakstur fiskistofna. Það þýðir samt ekki að aðgerðirnar hafi ekki skilað árangri og spyrja má: Af hverju að laga eitthvað sem ekki er bilað og sæmileg sátt er um?“

Miðað við umfang og eðli botnvörpuveiða og dreifingu fiskungviðis verður að teljast mjög líklegt að sú friðunaraðgerð hafi skilað miklum árangri, þótt rannsóknir vanti.

Almennt séð virðist góð sátt ríkja um þær aðgerðir sem nú gilda um friðun hrygningarfisks, þ.e. þorsks, steinbíts, skarkola og blá-löngu, en engar beinar rannsóknir hafi þó verið

gerðar á áhrifum af friðun hrygningarsvæða. Með friðun er hrygningarfiskur látinn njóta vafans, enda friðun líkleg til að gefa næði til hrygningar (og umönnunar hrognar þar sem það á við). Því er mælt með því hér að friðun hrygningarsvæða verði áfram í gildi.“

Hvergi í þessari greinargerð Hafró um skyndilokanir er minnst á það hvort áhrif skyndilokana geti verið neikvæð, þ.e. vinni gegn ætlun sinni. Oft er lokað á smáborsk, sem eru miklu eldri en tommustokkurinn segir til um. Má nefna Fljótagrunn og mörg svæði í Breiðafirði í þessu sambandi.

Árið 2005 aldursgreindi ég þorsk sem landað var í Grundarfirði en til stóð að loka veiðisvæði þar utan við með reglugerð. Skemmst er frá því að segja að smáfiskurinn sem sífellt var verið að loka á var gamall og hægvaxta. Þriggja ára þorskar voru að meðaltali 46 cm, 4 ára 47cm, 5 ára 49 cm, 6 ára 52 cm og 7 ára þorskar voru 54 cm að meðaltali. Viðmiðunarmörkin voru 55 cm! Niðurstöðurnar voru kynntar á fundi í Ólafsvík að viðstöddum fræðingum frá Hafró (<http://jonkr.mmedia.is/meira/olafsvik.pdf>).

Ég taldi að hinn hægi vöxtur stafaði af fæðuskorti, sem væri afleiðing vanveiði. Síðar frétti ég að þessi fiskur óx ágætlega þegar hann var settur í sjókvíar og fóðraður. Þrátt fyrir svona upplýsingar hefur Hafró aldrei gefið þeim gaum en haldið áfram smáfiskafriðun í blindri trú.

Friðun hrygningarfisks, allt frá 1992, er enn einn kaflinn en rannsóknir á árangri vantar. Og það sem einnig vantar, og alltaf er verið að bíða eftir, er nýlilðun. Þar er staðreyndin sú að fyrir kvótakerfi (1964-1984) var meðalnýliðun um 212 milljónir einstaklinga en frá 1985-2014 er hún 140 milljónir einstaklinga. Miðað er við fæðingarár árganganna. Nýjustu rannsóknir benda til þess að enginn góður árgangur sé á leiðinni. Um þetta sagði leiðangursstjóri Hafró í nýlegu blaðaviðtali:

“Það virðist hafa vera mikil hrygning í gangi og því er ekki að neita að við hefðum viljað sjá þennan stóra hrygningarstofn skila meiri nýliðun. Hún hefur ekki verið í réttu hlutfalli við stærð hrygningarstofnsins, sem segir manni þá að einhverjir aðrir þættir hafa áhrif á árgangastærð. Á næstu árum verður væntanlega lögð aukin áhersla á rannsóknir á nýliðun til að reyna að átta sig betur á stöðunni”.

Þessi umfjöllun ætti að sýna að það hafi nú ekki verið neitt óðagot á mönnum í rannsóknum svona yfirleitt og fróðlegt verður að fylgjast með hvort ráðherrann samþykki þessa nýjustu lokunartillögur snillinganna.



Jón Kristjánsson
fiskifræðingur

BJ5000EX


Handfæra vinda
Fyrsta nýjungin í færaveiðum
í yfir 20 ár
Ný hönnun
Sterkari mótór
Stærri skjár

SjÓVÉLAR

Skútuvogi 12 · Sími: 553-3311 · www.sjo.is




Með tengingu Time Zero við DFF1-UHD botngreiningarmælinn frá Furuno er hægt að kortleggja botninn eins og sjá má á myndunum hér að ofan. Þær eru teknar um borð í Adda afa á línuveiðum. Á fyrri myndinni sést hvernig botn Steingrímsfjarðar er kortlagður eftir dýpi á vinstri hluta og botngerð á hægri hluta. Á seinni myndinni er botngerðarmyndin á öllum skjánum og þegar bendillinn er færður um hafsbotninn birtist botngerðin undir bendlinum á upplýsingaborðanum.



Nýtt þrívíddarumhverfi er nú komið í Time Zero. Hægt er að hafa það yfir allan skjáinn eða á helmingi hans. Þetta vinnuumhverfi er alltaf miðjað á skipið og má snúa því á alla vegu og þysja inn og út. Einnig er hægt með tengingu við dýptarmæli að hafa rauntíma fíksjá á þrívíddarmyndinni.

Hægt er að kalla fram á kortaskjáinn, súlurit sem sýnir botngerðina jafnvel þó dýptarmælismyndin sé á öðrum skjá.

Þegar dýptarmælir og kortið eru saman á skjá og bendill í dýptarmæli er hreyfður til, birtist hann einnig í kortinu. Þannig er hægt að skjóta niður merki í kortið þar sem áhugaverður staður er samkvæmt mælinum.





Viðtal: Ómar Sigurðsson trillukarl

Ég elska starfið mitt!

Það eru örlög sumra okkar að fara til sjós. Margir fara þann veg vegna væntinga um góðar tekjur, en aðrir ráða hreinlega ekki við löngunina að halda á haf út. Ómar Sigurðsson er dæmi um hið síðarnefnda, honum var greinilega ekki sjálfrátt og það kom ekkert annað til greina. Í viðtalinu, sem var miklu lengra en birtist hér, endurtók hann eina setningu aftur og aftur sem lýsa manninum vel: „Þetta var svo óskaplega skemmtilegt!“. Nú stundar hann strandveiðar – og skemmtir sér sem aldrei fyrr.

Sp: Hvar liggja ræturnar?

Sv: Ég fæddist á Lokastíg 20 í Reykjavík, 27. september 1948 og því rúmlega sjötugur. Þar ólst ég upp. Ég á 6 systkini og við þjuggum í 50 fermetrum. 15 ára gamall þegar ég hleypti heimdraganum og fór til sjós, fyrst á bát sem hét Jóhannes Einarsson en þessi bátur setti svip sinn á Hafnafjörð á þessum tíma. Hann lá oft á legu

úti á höfninni. Þarna var ég á handfærum og netum á veturna, en næsti viðkomustaður hjá mér var á Sjólanum hjá Haraldi frænda mínum. Við vorum á handfærum og ég var oft eini Íslendingurinn á dekkinu. Þetta voru Færeyj-ingar, vinir Haraldar. Við vorum mikið á ufsa við Eldey, þarna var ég tvö sumur. Ég fór í skóla aftur og fór í Gagnfræðiskóla Austurbæjar, kláraði hann og tók svo grunnnám í Iðnskólanum, en ég hafði verið undir mikilli pressu frá foreldrunum að fara ekki á sjó. Þau vissu hug minn, að mig langaði á sjó.

Sp: Höfðu þau ástæðu til að vera á mótum þessum fyrirætlunum þínum?

Sv: Já, þau höfðu það. Bróðir þabba míns fórst í sjó og reyndar tveir bræður hans. Seinna meir fórst annar, en það er bara svo að sjórinn gefur og sjórinn tekur. Þarna lá hugur minn og ég gat bara ekki gert þetta fyrir þau. Ég tók einn vetur í að læra að mála en gat ekki hugsað mér það

sem framtíðarstarf. Seinna meir fór ég í netagerð til þess að styrkja mig, ég var þá kominn á togara. Oft á milli vertíða hef ég unnið við neta-gerð.

Sp: Þegar þú segir handfæri þarna, svona snemma, hvers konar græjur voruð þið með?

Sv: Þetta voru bara handsnúnar snellur, fær-eyskar.

Sp: mannstu eftir innreið Elliðavindanna?

Sv: Já ég tók þátt í því alveg frá upphafi. Elliða- vindurnar komu rétt fyrir 1970 og þá var ég á 12 tonna Bátalónsbát. Þetta var algjör lúxus – bylting og þarna átti maður skemmtilega tíma.

Eftir að ég var á Sjóla fer ég á síld og fer á jón Gunnlaugs, GK 44. Þetta var 90 tonna bátur og við byrjuðum á Suðurlandssíld og gékk glimrandi vel.

Sp: Voru þið á hringnót?

Sv: Já. Síðan förum við austur á Rauðartorg en það fór ekki vel. Við náðum strax nokkrum túrum en síðan fór nótin, hún lak alltaf í sundur sama hvað við reyndum. Þannig það var sjálfhætt. Þá réði ég mig á Gullfaxa frá Neskaupsstað. Ég var kornungur, lang yngstur um borð og líkaði vel.

Sp: Hvaða veiðiskap voru þið á?

Sv: Við vorum á síld og loðnu. Við vorum þarna alveg í byrjun loðnuveiðanna og þetta var algjört ævintýri. Einhverja fyrstu vertíðina fengum við 2400 tonn, líklegast 1962 eða 1963. Seinna átti ég eftir að vera á skipi sem að tók næstum þennan afla í einni ferð! Þetta voru yndisleg ár en maður sá líka hluti sem áttu aldrei að gerast.

Þarna gerðist mikið slys þegar við förum á þorsknótina eins og fleiri. Mokveiði af bolta hrygningafiski fylltum dallinn og keyrt í land. Það var ekki séns að vinna þetta og fiskinum var keyrt út í hraun og endaði meira og minna allur í bræðslu. Svo voru trillurnar tugum ef ekki hundruðum saman sem að lágu við korka- teininn hjá okkur og gogguðu sig fulla bara af því sem flaut yfir.



Ómars Sigurðsson Við höfnina á Bíldudal og gamall þróstur bakvið

Sp: var hann ekki dauður þegar var búið að þrengja að honum?

Sv: Stendauður. Maður áttaði sig ekki á því hvað var að gerast. Ég er þarna ungur maður, mér fannst þetta „rosa gaman maður, rosa veiði“, en svo þegar maður hugsar þetta eftir á þá var þetta algjört svínarí. Við gengum rosalega illa um auðlindina.

Þegar ég hætti á Gullfaxa var ég m.a. eina humar-vertíð á Sjöstjörnunni VE 92 frá Vestmanneyjum. Þetta var kallað barnaheimili þegar við förum af stað, allir rétt um tvítugt. En við fiskuðum alla í kaf, urðum hæstir á þessari humarvertíð.



Sigt inn Patreksfjarðarflóann.



Pröstur BA 48. Þetta bátsnafn hefur fylgt Ómari í gegn um árin.

Það var svo um áramótin 1964 – 1965 að ég fer á Sléttbak EA 4 frá Akureyri. Og var þar til 1969. Þá var Ketill Pétursson skipstjóri, Siggi Jó stýrimaður, og Þórir var vélstjóri.

Maður gleymir þessum tímum aldrei. Og ég hef oft sagt það, og meina frá hjartanu, að þarna var maður var gerður að manni, aumingjaskapur var bara ekkert í boði.

Þarna voru frábærir karakterar og sumir okkar höldum ennþá sambandi. Þarna var t.d. Gylfi Ægisson algjör sprellikar og allskonar grallarar sem gerðu dagana skemmtilega. um borð og það var bara gert í því að gera dagana skemmtilega.

Mér er minnisstæð ein landlegan. Við vorum búnir að vera á heljarinnar trippi í og ákváðum að verða svoldið menningarlegir. Við leygðum okkur Land Rover hjá Skúla Kennedybróður, og ákváðum að vísitera sveitirnar í kring. Við keyptum nóg af brennivíni til að hella upp á

bændurna. Við vorum ekkert sérstaklega vinsælir meðal húsfreyjanna í sveitinni. Á bakaleiðinni ákváðum við að fara í Skjaldavík í partí, en þá vildi ekki betur til en svo að bílstjórinn hafði verið að lauma sér í sopann og hann keyrði bara beint á húsið.

Við hringdum í Skúla og hann kom um nóttina og tók bílinn og sagði „strákar! segið bara ekki nokkrum manni frá þessu!“.

Ég hætti á Sléttbak 1969.

Sp: Hver var fyrsti báturinn sem þú eignast?

Sv: það gerðist eftir að ég kom til Bíldudals árið 1970. Hann hét Freyja RE, 28 tonna trébátur. Ég var á honum á rækju á Arnarfirðinum, fór á sumrin á rækju suður við Eldey og keyrði aflanum á Bíldudal þar sem hann var unninn. Við mokveiddum við á Eldeynna en svo tregaðist

með árunum. Þá fór ég á handfæri og meira að segja saltaði um borð á tímabili.

Ætli þar hafi ekki verið 1974 en þá var Snorri Snorrason að byrja úthafs-rækjuveiðar á Gríms-eyjarsundinu. Ég fór norður á þessum bát og við vorum bara tveir á úthafs-rækjuveiðum.

Sp: gott fiskeri?

Sv: Fínasta fiskerí. Ég landaði á Dalvík og afl- anum keyrt á Bíldal. Þennan bát átti ég í 10 ár. Ég var svo í samstarfi við Óttar Ingvason sem þá var kominn með vinnslu á Blönduósi. Ég keypti bát með félagamínunum og við fluttum þangað. Þetta er frægur bátur, elsti stálbátur sem gerður er út á Íslandi í dag! Ég var á rækju á sumrin og landaði á Blönduósi. En á veturna fór ég á skel. Þá hafði skel aldrei verið veidd í Húnaflóa.

Þetta var nú enginn gróðarakstur en gríðarlega gaman en varð bara einum of. Við seldum bátinn og ég fór á Beiti frá Neskaupsstað og var þar í 8 ár. Ég átti allan tíma trillu og vegna þess að Beitir var alltaf stopp í nokkra mánuði reri ég á þessari 8 tonna trillu sem hét þessu nafni sem hefur fylgt mér frá 1970, þröstur. Ég reri þresti frá Neskaupsstað.

Allan tímann sem ég var á beiti hafði ég gríðarlega góða afkomu. Og það verð ég að segja, þó að ég hafi nú frekar tengst Sjálfstæðisflokknum, þá var mjög gott að vinna hjá kommunum á Neskaupsstað.) Þeir hugsuðu um atvinnulífið númer eitt. Atvinna fyrir alla og góð vinna fyrir alla. Launin voru góð og þeir voru mjög tengdir fólkinu, forstjórinn kom og kíkti í lestina hjá okkur og tók til hendinni með okkur. Svona fjöl- skylduflíngur. Þeir fá alveg 10 frá mér, komm- arnir.

Sp: svo lá leiðin suður?

Sv: Þegar ég hætti fyrir austan fór ég til Reykjavíkur. Ég og konan stofnum 2 fyrirtæki í Reykjavík, annað meira fyrir hana og hitt meira fyrir mig. Ég keypti mér síðan bát árið 2009, og byrjaði strax á strandveiðunum. Þetta byrjaði skringilega, það var útt á flot öllum hornum, gömlum skemmtibátum, jafnvel mótaprömmum og hvaðeina, en þetta var mjög gaman og rosalega þarft og gott framtak. Ég stend í mikilli

þakkarskuld við þá sem að þessu stóðu og þetta verður VG að eiga skuldlaust.

Ég er búinn að vera á strandveiðum síðan.

Sp: Þegar þú talar um Hafró og frið- unarstefnuna, hvað finnst þér t.d. um Togararallið?

Sv: Hún er gjörsamlega galin. Við sem þekkjum fiskveiðar vitum mætavel að það er ekkert hægt að búa til svona punktakerfi og og ætlast til þess að fiskurinn sé þar alltaf. Þar að auki hafa umhverfisþættir í hafinu verið að breytast mikið undanfarin ár. Umhverfið er stöðugt að breytast, en rallið breytist ekki neitt.

Einhver lokaorð?


Sv: Ég er feginn að hafa valið mér þetta sem lífsstarf en myndi samt ekki ráðleggja börnunum mínum að gera það. Þetta starf er mjög erfitt og krefst gífurlegs áhuga þeirra sem ætla sér að ná árangri. Ég hef slíkan áhuga og veit ekkert betra en að vera einn einhversstaðar út í ballarhafi. Ég sef talsvert á sjónum og veit ekkert betra en að vakna, fara út á dekk og teygja úr mér og fá þessa „kóngur um stund“ tilfinningu. Þetta er reyndar kjarni trillusjómmenskunnar, þ.e. að vera kóngur í ríki sínu, án þess að vera fyrir neinum.

Ég elska starfið mitt, en finnst pólitíkin gera allt of lítið úr okkur. Núna er verið að hundelta færabáta með svæðalokunum á sama tíma og smækka á möskva í togveiðarfærum. Þetta er efni í langt spjall eitt og sér.

Það sem hefur einkennt líf mitt er sjómennskan og svo hitt, sem er Knattspyrnufélagið Valur, en það félag á svo sannarlega hug minn og hjarta. Á sextugs afmælinu gaf aðalstjórn Vals mér grip sem merktur er „Valsmaður Nr. 1“. Það þótti mér ekki alveg ónýtt.

Ég heyrði í Ómari nokkrum dögum síðar. Þá var hann kominn vestur og búinn að ná í nokkra dag- skammta í strandveiðunum. Hann var alsæll.

Arthur Bogason



Önglaveiðar til umfjöllunar

Handfæraveiðar

Elsta heimild sem til er um fiskveiðar við Íslandsstrendur er í landnámsbók af veiðum Hrafna-Flóka Vilgerðarsonar og hans manna í Vatnsfirði á Vestfjörðum. Svo helteknir voru þeir af fiskveiðunum að þeir létu hjá líðast að heyja fyrir búsmalann, sem fyrir vikið féll allur úr hor um veturinn. Hurfu þeir því af landi brott ári síðar. Þetta gerðist u.þ.b. árið 865, eða fyrir 1154 árum.

Heimildir geta þess ekki hverskonar veiðarfæri þeir notuðu, en líklegast er að þeir hafi verið vopnaðir önglum við veiðarnar. Í Noregi, þaðan sem þeir komu, hafa fundist önglar sem hafa verið aldursgreindir 4500 ára gamlir. Hrafna-Flóki var því að öllum líkindum vel kunnugur því að veiða á einhverskonar handfæri.

Öngullinn er trúlega elsta veiðarfæri mannsins. Sjálfsagt hafa forfeður okkar notað berar hendurnar til að byrja með ásamt því að króa fiska af með ýmsum aðferðum. En á einhverjum tímapunkti kom öngullinn til sögunnar. Það er í meira lagi athyglisvert að svo virðist sem að hann hafi

komið til sögunnar víðsvegar á jörðinni á svipuðum tíma, þrátt fyrir að enginn samgangur væri þá á milli heimsálfa. Fjörgamlir ævaforinir önglar hafa fundist í flestum þeirra; Asíu, Afríku, S.Ameríku og Evrópu.

Elsti öngull sem fundist hefur til þessa á jörðinni (2016) var aldursgreindur 23 þúsund ára gamall. Hann fannst á Okinawa eyjunni í Japan og tálgaður úr skel snigilkudungs. Miðað við hversu vel hann er úr garði gerður er hægt að ganga út frá því sem vísu að maðurinn hafi löngu áður notað „frumstæðari“ öngla.

Annar öngull fannst á Papua New Guinea sem talinn er vera 18 þúsund ára gamall.

Árið 2011 fannst svo öngull sem talinn er vera á bilinu 16-23.000 ára gamall, gerður úr Trochus Shell snigilkudungi við uppgroft í helli á Austur-Tímor.

Elsti öngull sem fundist hefur í Evrópu fannst á engi í Wusterburg í Þýskalandi. Sá var aldurs-

greindur 12.300 ára gamall og tálgaður úr hreiðýrs- eða elgshorni.

Á Íslandi finnast engir svo fornir önglar, enda landið tiltölulega nýbyggt í framangreindu samhengi. Engu að síður var öngullinn aðal veiðarfærið. Um hann og veiðiaðferðirnar er til mikið af heimildum. Í bókum Lúðvíks Kristjánssonar, Íslenskir sjávarhættir, er gríðarlegt magn upplýsinga þar að lútandi.

Þetta er ekki sett í orð sem formáli að umfjöllun um gamla öngla, heldur hitt að minna á að handfæra- og önglaveiðar nútímans rekja uppruna sinn óralangt aftur í tímann. Ef einhver veiðiaðferð hefur áunnið sér hefðarrétt eru það þessar veiðar. Það vantar hinsvegar talsvert uppá að stjórnvöld, hérlendis sem annarsstaðar, sjái ástæðu til að viðurkenna þá staðreynd.

Íslendingar eru flestir vel með á nótunum þegar talið berst að handfæraveiðum. Þeir vita hvað verið er að tala um.


Á sama tíma er flestum þeirra ókunnugt að þessi veiðiskapur, eins og við þekkjum hann er ekki eins algengur í heiminum og við ímyndum okkur. Það er á hinum norðlægari slóðum sem handfæraveiðar með vindum þekkest, en eftir því sem sunnar dregur verður það fátíðara.

Á Íslandi var Stýrimannaskóli Reykjavíkur stofnaður með lögum árið 1890, fyrir tæpum 130 árum síðan.

Það er athyglisvert að hvergi er að finna einhverjar leiðbeiningar eða námskeið um hvernig útbúa skuli sig til handfæraveiða. Þær eru því í reynd frábært dæmi um verklega þekkingu sem flutt er á milli kynslóða með leiðbeiningum þeirra eldri til hinna yngri.

Sá sem þetta skrifar er þar ekki undantekning. 13 ára gamall fékk ég að fara með móðurbróður mínum á lítilli opinni trétrillu í róður frá Akureyri út á Eyjafjörð. Báturinn hét Guðbjörg, því stóra nafni. Við vorum þrír um borð og færin voru dregin ofan í bátinn. Þetta voru nælonfæri, 400 gramma pilkur neðst og þrír krókar með gúmmíbeitum fyrir ofan.

Árið 1968 var þetta trúlega algengasti búnaður þeirra sem ekki höfðu efni á handsnúnum rúllum




Handfæri þessi útgáfa af heilás er víða þekkt

og hvað þá hinum byltingarkenndu rafmagnsknúnu Elliðavindum sem komu fram á sjónarsviðið það sama ár.

Það er merkilegt til þess að hugsa að frá árinu 1968, þegar Elliði Norðdahl Guðjónsson kynnti þessa stórmerkilegu tækniþing og til ársins 1976 seldi hann hátt í 3 þúsund vindur innanlands. Þetta breytti því ekki að hann átti svo sannarlega á brattan að sækja með að fá fyrirgreiðslu lánastofnana.

Sú saga minnir á sögu DNG tölvuvindunnar sem bræðurnir Davíð og Níls Gíslasynir á Akureyri



Gamlar útgáfur skakmenn nútímans kannast varla við orðin sem fyrirrennarar þeirra notuðu yfir búnaðinn

hófu smíði á árið 1982, en framleiðslan hófst árið 1984. Þeir syntu ekki beinlínis í fyrirgreiðslu eða skilningi á því sem þeir voru að gera og það var aðeins korteri áður en fyrirtækið var selt til Færeyja sem úr rættist.

Þessi veiðiskapur, hvort heldur með handvaði (færið dregið ofan í bátinn) eða með fullkomnustu tölvustýrðu handfæravindu nútímans, hefur því alfarið byggst á því að hinir eldri kenni hinum yngri.

Handfæraveiðar eru í grunninn mjög einfaldar. Þar sem nútíminn býður ekki upp á neitt annað þegar atvinnuveiðar eru annars vegar en tölvustýrðar vindur skal hér fjallað um þær frá því sjónarhorni.

Vissulega stunda fjöldi manns veiðar með sjóstöng og einhverjir með handsnúnum rúllum

en látum það liggja milli hluta – þar er fyrst og fremst um að ræða veiðar til eigin neyslu.

Reyndar er vert að geta þess að sjóstöngin veiðir undir flestum kringumstæðum betur en önnur færaveiði. Skýringin er vafalaust sú að við þær veiðar eru notuð mun nettari færi, þ.e. meðan atvinnumenn á handfærum nota að lágmarki girni í slóða sem er 1,2 mm - 1,8 mm, er algengast að nota 0,8 mm á sjóstönginni og jafnvel grenna.

Í yfirgnæfnadi meirihluta tilfella samanstandur útbúnaðurinn til handfæraveiða af rúllugirni (150-200 metrar, 2mm - 2,5mm), 6-8 metra slóða (1,2mm - 1,8mm), sökku (2 - 2,5 kg) og segulnögglum á milli allra krókanna.

Algengast er að hafa fjóra gúmmíkróka fyrir ofan sökkuna og faðm á milli þeirra. Ef þorskurinn er mjög stór eru mörg dæmi þess að fækkað sé um einn krók. Það er heldur ekki óþekkt þegar fiskurinn er ekki í smærri kantinum að fjölgja önglunum í fimm.

Mikilvægasti hluti færísins er slóðinn. Lykkjan sem önglanir eru þræddir á er tiltölulega einföld – en vefst fyrir mörgum til að byrja með. Þetta er sami hnútur og stangaveiðimenn hnúta þegar þeir útbúa sína eigin „kónísku“ tauma.

Lengd lykkjunnar er mjög misjöfn. Sumir vilja hafa hana eins stutta og hægt er en í þeim tilfellum þarf að byrja á því að þræða krókinn á girni) en aðrir telja betra að hafa lengdina ríflega. Eftir því sem lykkjan er lengri lafir krókurinn meira niður með slóðanum, en þar sem hreyfingin á færinu er látlaus skiptir það hugsanlega ekki milu máli. Þá eru dæmi þess að menn setji þrívirka segulnagla og hnúti einfalt girni í krókinn.


Sé mikið af fiski á slóðinni skiptir oftast nær fæst af þessu máli. En þegar fiskur er vangæfur getur verið nauðsynlegt að hafa þessi atriði í huga.

Eitt af því sem handfæramenn hafa yfirleitt nokkuð ákveðnar skoðanir á er liturinn á gúmmíbeitunum. Hér áður fyrr tel ég mig geta fullyrt að flestir voru á því að rauði krókurinn var bestur og sá svarti næstur. Nú eru komnir til sögunnar tvílitir krókar og sá vinsælasti þeirra er vafalaust sá sem er silfur/bleikur.

Í næsta eintaki Brimfaxa verður fjallað um framhald þess að útbúa sig til veiðanna og hvernig færarnir hafa sér við veiðarnar. Það er nú ekki aldeilis að þar gildi ein og skýr regla. Hér skal hinsvegar pistillinn endaður á því að birta teikningar af hinum ýmsu önglaveiðum sem eru talsvert frábrugðnar því sem gerist og gengur hérlandis. Undirritaður gerði fyrir margt löngu tilraunir sem sumar þessara aðferða með ágætis árangri.

Þegar tregast þá standa færarnir frammi fyrir áskorunum. Þeir vita af fiski á svæðinu en hann tekur ekki. Þá er brugðið á hin ýmsu ráð: dregga sig niður og beita í hann, láta færin dragast eftir botni, hreyfingarlaus, setja langan taum fyrir neðan sökkuna, helst með beitu á og ótal margt fleira.

Þrátt fyrir að handfæraveiðar eins og Íslendingar stunda þær séu ekki úkjá algengar, þá er aðra sögu að segja af öngulveiðum. Hér er smávegis sýnishorn af hinum ýmsu aðferðum sem þekktar hafa verið til áhrundruða, m.a. í Evrópu.



Heilás getur verið ótrúlega fiskinn þegar steindautt er á hefðbundin færi

Sendum öllum hetjum hafsins heillaóskir í tilefni sjómanna dagsins



Þúsund þakkir fyrir frábært samstarf í gegnum árin



HLUTI AF RPC GROUP



SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími: 460 5000 • www.saeplast.com

© Saeplast er skrásett vörumerki RPC GROUP



Trillukarlar: Jón í Sjólist og Ási í Bæ. Skrautblóm mannlífsins.

Ímynd trillukarlsins

Fyrr þeim sem ganga inn úr dyrunum á skrifstofu Lands sambands smábátaeigenda blasir við málverk af aldurnignum trillukarli; Jósteini Finnbogasyni frá Húsavík. Á myndinni situr hann í bát sínum, klæddur lopapeysu, pottloki, í bússum og með kjötgrisju í trefilsstað eins og algengt var hér áður fyrr. Það er vel við hæfi að hann sitji nú á forsiðu Brimfaxes.

Jósteinn var gjarnan kallaður Skarfurinn. Hann var allra manna hugljúfi, gleðigjafi og ómissandi bryggjulífinu á Húsavík. Hann lést árið 1995, 85 ára gamall. Hann hafði unun af því að segja sjóferðasögur og dró hvergi af sér við lýsingarnar. Jósteinn stundaði sjómennsku í 68 ár og átti Hafdís, bátinn sem hann situr í á myndinni í 38 ár.

Skarfurinn var ímynd trillukarlsins þegar Lands samband smábátaeigenda var stofnað í desember 1985. Á þeim tíma fór mun meira fyrir þessari stétt útgerðar- og sjómanna en nú til dags. Trillukarlinn var að vissu leiti tákmynd hins sanna sjálfstæða Íslendinga. Hann naut hvergi

opinberrar fyrirgreiðslu og það ekki um hana; Hann óskaði þess eins að fá að bjarga sér upp á eigin spýtur. Hann var einstaklingsframtakið holdi klætt.

Í hugum landsmanna var trillukarlinn roskinn sjómaður með saltstorkið andlit og sigggrónar hendur af harðri glímu við Ægi konung.

Það er oft sagt að þessir sérstæðu persónuleikar í trillukarlastétt séu horfnir af sjónarsviðinu. Það er nokkuð til í því. Margir þeirra urðu landsfrægir. Ási í Bæ, bróðir hans Siggí í Bæ, Jón í Sjólist, Pétur Hoffmann Salómonsson, sem Stefán Jónsson fréttamaður (faðir Kára Stefánssonar) gerði ódauðlegan með bókinni um hann, Beggi í Bótinni, Skarphéðinn Árnason af Ströndum og þá er sá frægasti þeirra allra ekki upp talinn, sjálfur Gústi Guðsmaður á Siglufirði.

Í þessum hópi er síðan kær vinur minn, Haraldur Jóhannsson - Halli Grímseyingur, sem er enn á fótum, fjallbrattur níræður unglungurinn.

Halli var fyrsti varaformaður Landssambands smábátæigenda og á, að því ég best veit, Íslands- og að öllum líkindum heimsmet í handfæraveiðum. Það sló hann árið 1957. Þá dró hann og félagar hans á handsnúnar vindur rúm 1000 tonn úr sjó af þorski og ufsa. Mér er til efs að það met verði nokkurn tíma slegið.

Hér get ég aðeins nokkurra þessara mögnuðu karaktera og síst af öllu er það ætlun mín að gera lítið úr öllum hinum.

Á árunum 1980-1985 áttu sér stað grundvallar-breytingar í starfsumhverfi smábátaflotans.

Fyrstu hraðfiskibátarnir komu til sögunnar, smíðaðir úr gerfiefnum og eldri mönnunum þótti mátulega til koma. Kjöllausir og léttir, háir á borðstokk og ráku allt of mikið. Þeir sættust þó hægt og rólega á að hægt væri að nota þessa báta til fiskveiða.

Á árdögum Landssambands smábátæigenda var meðalaldur trillukarla hár, en með innreið hraðfiskibátanna lækkaði hann. Það er þekkt fyrirbrigði að farartæki kynslóðanna verða sífellt snarari í snúningum. Það má geta þess í því sambandi að fyrir sléttum hundráð árum var hámarkshraði ökutækja á Laugaveginum í Reykjavík 12 km á klst. Það þótti mörgum vera glannaskapur og skrifuðu fjálglega um það í Morgunblaðið.

Smábátaflotinn var þar engin undantekning. Í stað trébátanna sem fóru 5-7 mílur á klst, voru skyndilega komnir fram á sjónarsviðið bátar sem náðu 20-30 mílna hraða. Þetta var sannkölluð bylting.

En það gerðist fleira á þessum árum. Árið 1984 var kvótakerfið innleitt og árið 1990 var það „hreinsað“ af sóknarmarks„óværunni“. Hagfræðingar Háskólans höfðu sannfært stjórnvöld um ágæti aflamarkskerfis og ónýti sóknarmarks. Til að gera langa sögu stutta var trillukörlum att úti kvótabrask og sölu veiðheimilda. Afleiðingarnar létu ekki á sér standa. Á örfáum árum hvarf stærstur hluti smábátaflotans á stærðarbilinu 6-10 tonn í gin stórfyrirtækjanna.

En hvaða áhrif höfðu þessar breytingar á þá ímynd sem trillukarlar höfðu fyrir? Margir urðu þeirrar skoðunar að trillukarlar væru ekki hótinu skárri en kvótabraskarar stórfyrirtækjanna. Oft



Á skaki.

vill það vera svo að „frændur eru frændum verstir“ og hvort sem mönnum líkar það betur eða verr þá gerðist margt á þessum árum sem var stéttinni ekki til sóma.

Stóra breytan í þessu sambandi var tilkoma strandveiðanna. Árið 2009 ákvað þáverandi sjávarútvegsráðherra (Steingrímur J. Sigfússon) að setja bráðabirgðalög sem heimiluðu handfærabátum að sækja sjó yfir sumartímann án þess að vera bundnir á klafa kvótakerfisins nema að hluta til. Hin deyjandi stétt skakmanna Íslands fékk óvænta uppreisn æru. Skyndilega gafst tækifæri til þess að róa til fiskjar með handfærum og landa aflanum á frjálsum uppboðsmarkaði.

Það er undir strandveiðimönnum og smábátæigendum sjálfum komið hverskonar ímynd þeir skapa sér í nútímanum meðal þjóðarinnar. Þeim sem minnst hinnar gömlu ímyndar trillukarlsins sem að framan er lýst sakna hennar.

Trillukarlar hafa öll færi til þess að skapa sér ímynd þess sem gengur vel um fiskimiðin, eyðir lágmarksorku til veiðanna og færa að landi ferskarsta hráefni sem völ er á.

Það er einnig vonandi að smábátaútgerðin haldi áfram að framleiða sérstaka einstaklinga og sérvitringa. Það er í raun eðli hennar.

Boltinn er hjá trillukörlum.



Magnús Jónsson fjallar um brottkast

Brottkast og ekki brottkast

Talsverð umræða hefur orðið um brottkast á fiski í framhaldi af því að Landhelgisgæslan LHG tók loftmyndir af smábátum þar sem þeir voru að draga grásleppunet. Mátti sjá að þar voru menn að henda fiskum í sjóinn, líklega þorskum. Umræðan í framhaldinu varð síðan með þeim hætti að hér væri verið að fremja stórfelldan glæp, sem jafnvel ógnaði sjálfbærum veiðum hér við land.

Í Íslandsklukkan Laxness er Jón Hreggviðsson látinn segja eftirfarandi setningu: „Hvenær drepur maður mann og hvenær drepur maður ekki mann“. Þessi setning hefur komið upp í huga mér eftir brottkastsfárið í fjölmiðlum í vor. Á brottkasti almennt eru nefnilega margar hliðar en eins og oft einkennir umræðu hér á landi, er sjaldan kafað ofan í málin heldur verður einhliða

upphlaup oftast útkoman. Því má spyrja „Hvenær hendir maður fiski og hvenær hendir maður ekki fiski? Nú skal það skýrt tekið fram að ég er alls ekki að verja brottkast á fiski og fyrir allmörgum árum fjallaði ég í blaðagreinum um brottkast og brottkastshvata kvótakerfa. Enginn veit hversu miklu er hent af nýtanlegum og lifandi fiski hér við land en nýjustu tölur benda til þess að í Norðursjó og Eystrasalti geti það verið a.m.k. 30% af lönduðum afla. Þar er brottkastið að mestu tengt togveiðum.

Ónýtt kerfi-ómögulegt eftirlit

Í dökkri skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Fiskistofu sem gefin var út í janúar sl. segir orðrétt: „Eftirlit stofnunarinnar með brottkasti er veikburða og ómarkvisst. Raunverulegur árangur þess er auk þess á huldu þar sem hvorki liggja

fyrir skýr árangursmarkmið eða árangursmælikvarðar.“ Auðvitað þarf þetta ekki að koma á óvart og það einkum af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi er lagaramminn um fiskveiðar hér við land svo gallaður, flókinn og stagbættur að enginn leið er að fara á sjó nema að einhver lög eða einhverjar reglugerðir séu brotnar. M.a. er bæði bannað að landa fiski ef þú hefur ekki veiðiheimildir fyrir honum en einnig er bannað að henda honum enda liggur veiðileyfissvipting við í báðum tilvikum. Í öðru lagi var Fiskistofa meira og minna lögð í rúst árið 2016 með flutningi til Akureyrar þar sem enginn starfsmaður fylgdi með í flutningnum nema forstjórinn. Síðan hefur um helmingur starfsmanna eða um 40 af um 80 sagt upp eða farið á eftirlaun. Er það eitt-hvert mesta brottkast á mannauði sem ég veit dæmi um hér á landi og stóðu þáverandi stjórnvöld fyrir því. Slík meðferð á stofnun hlýtur óhjákvæmilega að koma niður á starfsgetu hennar um langa framtíð.

Smábátar lagðir í einelti

Það er vel þekkt bæði í samfélagi manna og dýra að þeir smáu eru eltir og étnir af því að þeir stóru eru ekki viðráðanlegir þeim sem elta og seðja sultinn. Þannig eru opnir smábátar og einyrkjar miklu auðveldari bráð bæði Fiskistofu og annarra stjórnvalda en yfirbyggð stórskip þar sem engin leið er að sjá hvað kemur upp úr sjónum, hvað fer fram um borð eða hvort eitt-hvað fer frá borði á meðan veiðiferð stendur. Öflugir sjónaukar og myndavélar LHG eða Fiskistofu koma að litlu gagni við þær aðstæður. Smábátaflotinn sem telur um 1000 báta veiðir um fjórðung þess bolfisksafla sem að landi kemur. Hins vegar virðist mestur hluti af eftirliti Fiskistofu fara í að eltast við smábáta, m.a. fyrir brottkast, umframafla og talningu á dauðum netafugli. Sem dæmi um sparðatíninginn sendi Fiskistofa út um 7000 bréf á sl. sumri til um 600 smábátaútgerða strandveiðibáta til að tilkynna þeim um umframafla sem nam frá nokkrum kg upp í einhver hundruð kílóa á mánuði. Hefði ekki dugað að senda eitt bréf á bát í lok vertíðar? Annað gott dæmi um einelti gagnvart smábátum má nefna, þegar grásleppukarl sem fékk einn beingarð úr þorski í netin sín gerði sig sekan um að henda honum í sjóinn. Þar sem eftirlitsmaður var um borð leiddi þessi glæpur til ákæru fyrir brottkast, sem eftir mörg bréf og greinargerðir

lögfræðinga Fiskistofu gegn trillukarlinum endaði í áminningu. Mátti hann þakka fyrir að sleppa við veiðileyfissviptingu fyrir þetta alvarlega brot.

Brottkast og slepping

Fyrir meira en hálfri öld gerðist ég örugglega síbrotamaður þegar ég stundaði veiðar með grásleppu- og þorskanetum. Þá eins og nú kom all-oft fyrir að þorskur kom í grásleppunetin sem stundum drapst og var étinn af selum eða ýmsum smáverum í sjónum. Ekki var heldur alltaf hægt að draga þorskanetin daglega og því fór eitthvað af fiskinum þar eins. Engum datt í hug að hirða beingarða eða morkinn fiskinn og fór hann því aftur í sjóinn sem fæða fyrir lífverur neðar í fæðukeðjunni í sjónum eða í botninum. Ef svona verðlaus afli væri færður að landi í dag þyrfti að eyða honum með tilheyrandi kostnaði, mengun og umhverfisáhrifum. Á strandveiðum fæst alloft smáfiskur á færin sem maður sleppir (hendir ekki) enda fiskurinn í langflestum tilvikum sprelllifandi. Svipað er gert á laxveiðum en þar er aldrei talað um brottkast enda ku mestur hluti þess lax sem sleppt er lifa þessa meðferð af. Mér finnst að vísu það orka tvímælis út frá mannúðarsjónarmiðum að veiða lax með þessum hætti og aldrei hef ég tekið þátt í slíkri sleppiveiði.

Lokaorð

Mér er ekki kunnugt um hvaða fiskum var verið að henda eða í hvaða ástandi þeir voru hjá þeim smábátum sem lentu í hinum öflugum myndavélum LHG. Líklegast þykir mér að þar hafi verið um dauðan fisk að ræða, óhæfan til manneldis og verðlausan. Slíkur varningur er miklu betur kominn aftur í hafið þar sem hann nýtist lífríki sjávar en að dragnast með hann í land. Ef hins vegar þetta hefur verið lifandi bolfiskur er hægt að tryggja landkomu hans með einföldum reglum um lifandi umframafla. En til þess þarf vilja til breytinga á reglum frá núverandi fyrirkomulagi. Á þeim vilja hefur verið skortur.

Formaður Drangeyjar-smábátafélags
Skagafjarðar
Magnús Jónsson

Ritstjórnarpistill



Arthur Bogason ritstjóri *Brimfaxa*

Það er liðið á sjötta ár frá því ég lét af formannsembætti Landssambands smábátæigenda. Mér finnst eins og það hafi verið í síðustu viku. Tíminn er greinilega afstæður.

Alla mína formannstíð þráði ég að upplifa þá stund að sátt gæti náðst um að trillukarlar fengju eðlilegt athafnafrelsi miðað við þær takmarkanir sem almættið og náttúran setur þeim.

Íslendingar eru hinsvegar svo ótrúlega heppnir að eiga ráðamenn sem hafa vit fyrir báðum þessum aðilum. Þeir eru þess meðvitaðir að íslenskt tíðarfar hér norður í ballarhafi er ekki nógu takmarkandi fyrir þessa skrattakolla sem vilja renna færi í sjó sér til lífsbjargar.

Þetta er ekki lítið að þakka fyrir. Hvernig liti myndin út ef skakmenn Íslands hefðu fengið að valsa hér um miðin óáreittir og eftirlitslausir? Væru þau ekki bara auðn og dauði?

Íslendingar háðu samtals 10 þorskastríð frá árinu 1454, þó aðeins þrjú þeirra hafi ratað á spjöld

sögunnar, þ.e. 12 mílna stríðið (1958), 50 mílna (1972) og 200 mílna lokastríðið árið 1975.

Ég hef leitað logandi ljósi að því hvort að ástæðan fyrir öllum þessum fyrirgangi sem kostaði jafnvel mannlíf, hafi verið dorg íslenskra trillukarla á smáfiskaslóðum. Mér hefur ekki orðið ágengt en mun halda áfram að leita.

Mér finnst sorglegra en tárur taki hversu smátt íslenskir ráðamenn og stjórnsýsluaðilar hugsa og framkvæma. Sem þetta er ritað var Fiskistofa að senda lögreglunni á Austurlandi erindi, væntanlega með beiðni um rannsókn, vegna þess að EINN lax veiddist í grásleppunet og augljóst af útliti hans að dæma að hann átti ekki lögheimili á Íslandi.

Þá hafa undanfarið dunið í eyrum þeirra sem hlusta á RUV, tilkynningar Hafrannsóknarstofnunar um skyndilokanir á handfæraveiðar. Trúir því einhver heilvita maður að þær veiðar skipti máli í þessu sambandi?

Hafrannsóknastofnun hefur sl. áratugi ráðið öllu varðandi nýtingu fiskistofa með tillögum sínum varðandi heildarafla. Þegar landhelgin var færð út í 200 sjómíllur var hamrað á því að þorsstofninn gæti gefið af sér a.m.k. 500 þúsund tonn, með „réttri nýtingarstefnu“.

Þetta hefur reynst argasta bull.

Það er löngu kominn tími til að krefjast svars frá þeim aðilum, þ.e. Hafrannsóknarstofnun og sjávarútvegsráðuneyti, við þeirri spurningu hvers vegna staðan sé sú, 35 árum eftir upptöku „besta fiskveiðistjórnunarkerfis í heimi“ að leyfilegur heildarafli mikilvægustu tegundarinnar – þorsks – er á pari við það sem leyft var á fyrsta ári kerfisins fyrir öllum þessum árum síðan.

Arthur Bogason

SVEFN- LEYSI OFÞREYTA

EKKI SOFNA Á VERÐINUM

Láttu ekki ofþreytu sigla þér í strand. Svefnskortur er algeng orsök slysa á sjó. Gætum þess að fá næga hvíld og vökum yfir öryggi okkar.



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ
Siglingaráð

Samgöngustofa

Slagurinn



Smábátar á leið inn í Reykjavíkurhöfn.
Mótmælaaðgerðir sem enduðu fyrir framan Alþingishúsið.

Margir félagsmenn LS eru eðlilega ekki mikið að velta fyrir sér forsögunni í þeirri réttindabaráttu sem félagið hefur staðið í frá stofnun.

Hér er eitt af ótal dæmum þess hvernig hlutirnir gerðust á eyrinni, fyrir ekki svo löngu síðan. Þetta er grein sem Örn Pálsson ritaði í Fréttablaðið 11. desember árið 2003:

„Það vekur athygli að barátta Landssambands smábátáeigenda fyrir línúvilnun hefur sameinað önnur hagsmunasamtök í sjávarútvegi. LÍÚ, Sjómannasambandið, Farmanna- og fiskimannasambandið og Vélstjórafélag Íslands hafa sent frá sér sameiginlega ályktun, þar sem Alþingi er hvatt til að fella frumvarpið um línúvilnun.

Það er með ólíkindum hversu lítið þarf til að sameina þessa aðila þegar trillukarlar eiga hlut að máli. Gera má ráð fyrir að sáttasemjari kynni sér þetta og vonandi ná þessir aðilar að gera með sér kjarasamning, en stóli ekki einn ganginn enn á að stjórnvöld taki af þeim ómakið, stilli upp samningi þar sem samtökunum er nauðugur einn kostur, að skrifa undir.

„Þeir stela af okkur úsunn“

1995 var lögfest á Alþingi þorskaflahámarkskerfi krókabáta sem takmarkaði þorskveiðar þeirra verulega. Þorskkvótinn sem þeir fengu var frá því að vera helmingur þess sem þeir höfðu veitt árin á undan og upp í 70%. Við þessar aðstæður hófu menn að koma sér fyrir í þorskaflahámarkinu og sáu fljótt að þar var ekki lífvænlegt öðru vísi en að drúgja þorskkvótann með veiðum á öðrum tegundum. Fram að því höfðu þeir veitt fátt annað en þorsk. Nokkurn tíma tók að ná árangri við þessar veiðar, en það tókst og 4 árum síðar var LÍÚ farið að væla yfir því að þorskaflahámarksbátar væru að „stela frá þeim úsunn“. Það vafðist ekki fyrir þeim, frekar en fyrri daginn, hver ætti fiskinn í sjónum. En er ekki þjóðinni hagstæðara að úsan sé veidd á línu, henni landað samdægurs til vinnslu sem gefur allt að helmingi hærra útflutningsverðmæti en sjófrystingin?

3. desember 1999 kvað Hæstiréttur upp dóm sem kallaður hefur verið Valdímarsdómur. Stjórnvöld tóku dóminn á þá leið að ekki væri hægt að verja veiðkerfi þorskaflahámarksbáta á annan hátt en með því að kvótasetja aukategundir. Túlkun þessari var kröftuglega mótmælt sem leiddi m.a. til þess að kvótasetningin kom ekki til framkvæmda fyrr en 1. september 2001. Ekki verður það tíundað hér hversu mikið áfall þetta varð fyrir þennan bátaflokk.

Það er ekki til í orðabók trillukarlar að leggja árar í bát. Lög kváðu á um að þeir mættu ekki nota önnur veiðarfæri en þau sem hvað minnstri röskun valda á lífríkinu, línu og handfæri. Þá máttu ekki stærri bátar en 6 brl. vera innan kerfistins en því var breytt nokkru síðar og mörkin sett við 15 brt. Þeir hófu því baráttu fyrir að ívilnað yrði umhverfisvænum veiðum. Línúvilnun til dagróðrabáta þar sem beitt væri eða stokkað upp í landi varð niðurstaðan. Auk þess að veiðarnar eru umhverfisvænar, skapa þær mikla atvinnu í landi og yrði þannig mikil lyftistöng fyrir hinar dreifðu byggðir.

Þeir sem lofuðu unnu kosningarnar

Réttindabaráttan var rekin áfram og sífellt fjölgaði í þeim hóp sem tók undir með kröfum trillukarla um línuviltun. Línuviltun dagrórþráta var samþykkt á landsfundi og flokksþingi stjórnarflokkana. Málinu fylgt eftir til loka kosningabaráttunnar sem lauk með stjórnarmyndun þar sem línuviltun dagrórþráta var sett í stjórnarsáttmálann. Stórútgærðin lét málið kyrrt liggja í kosningabaráttunni, hún kaus að lemja á Samfylkingunni um að ef hún kæmist til valda gætu Íslendingar gleymt sinni eigin stóríðu – sjávarútveginum.

Stórútgærðin náði sínu markmiði og ríkisstjórnin hélt velli

Í kjölfar þeirrar staðreyndar hafa trillukarlar knúið á um innlausn kosningaloforðanna. Samtökin fjögur sem fallist hafa í faðmlög orga hins vegar á stjórnvöld um að þau svíki gefin loforð


sem m.a. urðu þess valdandi að núverandi stjórnarflokkar héldu völdum.

Þessi krafa endurspeglast m.a. í ummælum forstjóra Samherja handhafa Útflutningsverðlauna forseta Íslands 2003, er hann lét falla 8. þessa mánaðar:

„Spurningin í dag er, eigum við að halda áfram með verkið eða eigum við að segja að þeir verði verðlaunaðir sem fara aftur á bak í þróuninni; að handbeiting, handflökun og svo framvegis verði lykilorðið hjá stjórnámálamönnum framtíðarinnar.“

Hráefnið sem smábátæigendur hafa fært að landi hefur m.a. lagt grunn að dýrustu ferskflakamörkuðum Íslendinga. Það væri því stórt skref afturá bak að þrengja að þessari útgærð.

Trillukarlar horfa stolltir inn í framtíðina staðráðnir í að halda áfram að nýta sameiginlega auðlind okkar Íslendinga, þjóðinni til hagsældar.“




Gleðilega hátíð

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Skilvirkasta leiðin til að útrýma smábátaveiðum

Hér skal enn vakin athygli á því hvernig smábátum hefur látlaust fækkað innan kvótakerfisins. Viðbrögð stjórnvalda eru engin. Þróunin heldur áfram og því full ástæða til að hamra á þessari ömurlegu staðreynd.

Árið 1990 var 1043 smábátum troðið inn í aflamarkskerfið með stórútgerðinni. Það er með ólíkindum að „besta fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi“ hafi á 29 árum nánast útrýmt þeim hluta fiskveiðiflotans sem eyðir minnstri orku til veiðanna og veldur minnstu raski í hafrýminu. Nákvæmlega sama þróun á sér stað í krókaaflamarkinu. Settar hafa verið fram kröfur um að sameina krókaaflamarkið aflamarkinu. Sjávarútvegsráðherra hefur lýst vilja sínum til að kvótasetja grásleppuveiðarnar. Þetta verða örlög þeirra veiða ef það gengur eftir.



**DNG ÓSKAR ÖLLUM SJÓMÖNNUM
TIL HAMINGJU MEÐ SJÓMANNADAGINN**

ÞJÓNUSTA

LÁTID OKKUR YFIRFARA
FÆRAVINDURNAR SVO ÞÆR
VERÐI ÁVALLT TILBÚNAR
FYRIR NÝ VEIÐITÍMABIL

GLERBLÁSUM OG ENDURMÁLUM
ELDRI FÆRAVINDUR



UMHVERFISVÆNAR VEIÐAR

Naustatanga 2 • 600 Akureyri • Iceland | dng@dng.is
Tel: +354 460 2900 • Fax: +354 460 2901 | www.dng.is

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra sem og landsmönnum öllum okkar bestu óskir í tilefni sjómannadagsins!



Fiskifélag Íslands



Fiskmarkaður
Patreksfjarðar ehf



Hvalur hf


Brimfaxi sendir félagsmönnum Landssambands smábátæigenda sem og landsmönnum öllum bestu óskir í tilefni sjómannadagsins!

Nýr fjölgeisla dýptarmælir frá Furuno **DFF-3D**



DFF-3D er nýr fjölgeisla dýptarmælir sem Furuno hefur þróað. Ný fjölgeislatækni sem notast er við í mælinum skilar nákvæmum staðsetningum fisk endurvarpa og endurvörpum af botni sem mynda gagnagrunn fyrir myndræna framsetningu botnsins.

Háþróuð tækni við úrvinnslu endurvarpa sendigeislanna og ný gerð fjölgeisla botnstykkis skilar sér í afar nákvæmri þrívíddarmynd af botninum og smáatriðin koma mönnum á ávart.



Hærrí upplausn

Botnlandslagið og fiskitorfur birtast í ótrúlega nákvæmri mynd í allt að 120° geisla frá stjórn í bak.


Hámarks dýpi við enda geislans er 200 m, en 300 m undir miðju skipsins.

Þriggja geisla dýptarmælir

DFF-3D inniheldur einnig hefðbundinn dýptarmæli með 3 geislum sem er hægt að stilla og færa til.

Þetta gerir notanda kleift að staðsetja fiskinn á einfaldan og auðveldan hátt.

Breidd og halla hvers geisla má stilla frá miðju.



Hliða skönnun

Hliða skönnunar (side scan) eiginleiki DFF-3D býður upp á nýja leið til að staðsetja holur og hæðir á sjávarbotni.

Þessi tækni gerir notandanum auðvelt fyrir að sjá nákvæmlega hvernig botninn liggur.

